



Friðland á Hornströndum, Ísafjarðarbæ

Stjórnunar- og verndararáætlun 2019-2028

Janúar 2019

Efnisyfirlit

AÐGERÐAÁÆTLUN 2019 – 2023	4
1. INNGANGUR	7
1.1. Samráð.....	8
1.2. Eignarhald og umsjón	8
1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi.....	9
1.4. Verndargildi og verndarflokkur	9
2. LÝSING Á SVÆÐINU	11
2.1. Mörk svæðisins.....	11
2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði.....	11
2.1.2. Aðkomuleiðir.....	12
2.2. Náttúruminjar	12
2.2.1. Jarðminjar	12
2.2.2. Gróður og vistgerðir	12
2.2.3. Dýralíf.....	13
2.3. Menningarminjar	15
2.4. Ágangur sjávar.....	15
2.5. Landnotkun	15
2.5.1. Kvikmyndun	16
2.5.2. Veiðar	16
2.5.3. Ferðapjónusta og útivist	16
2.6. Innviðir og mannvirki	16
2.6.1. Tjaldstaðir	17
2.6.2. Landvarsla	17
2.6.3. Byggingar.....	17
2.6.4. Neyðarskýli.....	18
2.6.5. Gönguleiðir.....	18
2.6.6. Skilti.....	18
2.7. Öryggismál.....	18
2.8. Fræðsla og kynning	19
2.9. Mönnuð og ómönnuð loftför	19
2.10. Rannsóknir og vöktun	19
3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR.....	20
3.1. Ástandsmat.....	20
3.2. Stjórnsýsla	20
3.3. Náttúruminjar	21
3.3.1. Jarðminjar	21
3.3.2. Gróður.....	21
3.3.3. Dýralíf.....	21
3.4. Menningarminjar	22

3.5. Ágangur sjávar.....	22
3.6. Landnotkun	22
3.6.1. Verkefni sjálfbóðaliða	22
3.6.2. Kvikmyndataka og ljósmyndun	22
3.6.3. Hundar innan friðlandsins.....	23
3.7. Svæðaskipting.....	23
3.8. Ferðaþjónusta og útivist.....	24
3.8.1. Svæðaskipting innan friðlandsins og takmarkanir	25
3.8.2. Undanþágur frá takmörkunum	25
3.9. Innviðir og mannvirki	25
3.9.1. Landvarsla	26
3.9.2. Byggingar.....	26
3.9.3. Neyðarskýli.....	26
3.9.4. Vegir	27
3.9.5. Gönguleiðir.....	27
3.9.6. Skilti.....	27
3.9.7. Úrgangur og meðhöndlun úrgangs	28
3.10. Öryggismál.....	28
3.11. Fræðsla og kynning	28
3.12. Mönnuð og ómönnuð loftför	29
3.13. Skipaumferð	29
3.14. Rannsóknir og vöktun	30
4. SÉRSTAKAR REGLUR UM UMFERÐ OG DVÖL	31
HEIMILDIR	33
ÍTAREFNI	34
VIÐAUKI I	35
VIÐAUKI II	36
VIÐAUKI III.....	37
VIÐAUKI IV	38
VIÐAUKI V	39
VIÐAUKI VI	41
VIÐAUKI VII.....	48
VIÐAUKI VIII	49

Aðgerðaáætlun 2019 – 2023

Kafli þessi er forgangsöröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að grípa til svo að verndargildi Hornstranda haldist. Aðgerðir þessar styðja við leiðarljós og framtíðarsýn svæðisins. Neðangreindar aðgerðir eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáið hverju sinni. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna.

Árlega

- ✓ Ástandsmat sem snýr að gróðri, framandi tegundum, gönguleiðum og ferðamannastöðum unnið fyrir svæðið.
- ✓ Almennt viðhald á innviðum svæðisins, s.s. kömrum og gönguleiðum.
- ✓ Uppfærsla á áætlun um aðgerðir gegn framgangi ágengra tegunda.
- ✓ Uppfærsla á upplýsingariti til landeigenda.
- ✓ Verkefni fyrir sjálfbærni skilgreind.
- ✓ Viðhald á vörðum.
- ✓ Leitast verði við að halda gönguleiðum greiðfærum með viðeigandi aðgerðum.
- ✓ Viðhald merkinga.
- ✓ Kynning friðlandsins á hverju vori fyrir leiðsögufólk, bæði á Ísafirði og í Reykjavík.
- ✓ Öryggisáætlun uppfærð.

2019

- ✓ Mótuð viðmið til stuðnings við veitingu undanþága frá sérstökum reglum sem gilda um friðlandið.
- ✓ Uppfærsla upplýsinga á heimasíðu varðandi nauðsynlegan búnað vegna ferðalaga innan friðlandsins, á íslensku og á ensku.
- ✓ Unnin áætlun um skilþörf.
- ✓ Þjónustuhús með rými fyrir landvörð, hreinlætisaðstaða fyrir gesti og gestamóttaka reist á Hesteyri.
- ✓ Unnin áætlun um aðgerðir gegn framgangi ágengra tegunda.
- ✓ Göngustígar á Hesteyri lagfærðir.
- ✓ Atvinnu- og ferðamálastefna unnin í samstarfi við sveitarfélag og landeigendur varðandi frekari reglur um umferð og dvöl.
- ✓ Umhverfisskoðun skoðar möguleikana á aukinni verndun svæðis við fuglabjörg.
- ✓ Umhverfisstofnun upplýsir Ísafjarðabæ um að bæta inn í aðalskipulag þá vegi sem heimilt er að vera með umferð vélknúinna farartækja.
- ✓ Óskað verði eftir að Landhelgisgæslan uppfæri siglingakort með tilliti til banns við umferð skipa nær sjófuglabýggðum en 115 m.

2020

- ✓ Forgangsraða minjum sem þarf að vernda gegn ágangi sjávar í samstarfi við Minjastofnun.
- ✓ Fræðsluskiltum fjölgað í samræmi við áætlun um skilþörf.
- ✓ Útgáfa á litaköðuðu göngukorti með upplýsingum um tjaldstaði, lífríki, umgengni við refi, vöð og símasamband innan friðlandsins.
- ✓ Sérstaklega hættulegar leiðir merktar á korti og á upplýsingaskiltum.

2021

- ✓ Endurskoða ákvæði um hópastærðir gönguhópa með tilliti til árangurs.
- ✓ Endurskoða ákvæði um tilkynningarskyldu með tilliti til árangurs.
- ✓ Gerð verði úttekt á landvörsluþörf svæðisins ásamt aðstöðu fyrir starfsmenn.

2024

- ✓ Aðgerðaáætlun uppfærð.

Leiðarljós fyrir friðlandið á Hornströndum er að vernda víðfeðmt svæði með einstakri náttúru og dýralífi þar sem kyrrð ríkir og innviðir eru ekki áberandi. Á svæðinu skulu náttúrulegir ferlar vera ríkjandi án afskipta manna, með það að leiðarljósi að komandi kynslóðir hafi tækifæri til að njóta þess að upplifa slík svæði.



1. Inngangur

Árið 1975 voru Hornstrandir, Aðalvík, Rekavík bak Látur og Fljótavík ásamt hluta Jökulfjarða friðlýst sem friðland. Friðlandið á Hornströndum er 581 km² að stærð og er staðsett á norðanverðum Vestfjörðum. Eitt af aðal einkennum friðlandsins er hve afskekkt það er og lítið mótað af umsvifum og ágangi manna. Innan svæðisins eru að finna mikilfengleg fuglabjörg, einstakt gróðurfar og menningarminjar sem standa sem minnisvarðar um tíðaranda og búsetuhætti sem liðnir eru undir lok. Þá er eitt af einkennum friðlandsins á Hornströndum hve þéttleiki heimskautarefsins er mikill, en hann er með því hæsta á Norðurlöndum.

Markmið friðlýsingarinnar á Hornströndum er að vernda lífríki, jarðminjar og menningarminjar svæðisins. Markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið er að leggja fram stefnu um verndun og hvernig viðhalda megi verndargildi þess þannig að sem mest sátt ríki um. Sérstaða svæðisins er mikil og með áætluninni er stefnt að því að standa vörð um og efla jákvæða ímynd svæðisins.

Áætlunin var unnin af samstarfshópi og er sett í samræmi við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hópin skipa fulltrúar rétthafa lands, skipulagsvalds svæðisins auk Umhverfisstofnunar sem er umsjónaraðili friðlandsins. Vinnan við gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar tók talsverðan tíma og urðu mannabreytingar í ferlinu. Hér fyrir neðan eru þeir upptaldir sem unnu að gerð áætlunarinnar á einhverjum tímapunkti og eru þeir feitletraðir sem sátu í hópnum þegar lokadrögin voru samþykkt.

Samstarfshópin skipuðu :

- **Erling Ásgeirsson, fulltrúi Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps**
- **Gauti Geirsson, fulltrúi Ísafjarðarbæjar**
- Gísli Halldór Halldórsson, fulltrúi Ísafjarðarbæjar
- **Guðmundur Gunnarsson, fulltrúi Ísafjarðarbæjar**
- **Hildur Vésteinsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar**
- **Ingi Stígsson, fulltrúi Landeigendafélags Sléttu og Grunnavíkurhrepps**
- Jón Smári Jónsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- **Kristín Ósk Jónasdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar**
- Linda Guðmundsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- **Matthildur Guðmundsdóttir, fulltrúi Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps**
- **Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar**

Stjórnunar- og verndaráætlunin gildir til ársins 2028. Meðfylgjandi er aðgerðaáætlun sem gildir til fimm ára. Að fimm árum liðnum skal meta árangur verndarráðstafana og endurskoða og uppfæra aðgerðaáætlun.

1.1. Samráð

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu og við upphaf vinnunnar var sent bréf til þeirra þar sem tilkynnt var að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið væri að hefjast. Þessum aðilum var einnig sent bréf í upphafi kynningarferlis þar sem upplýst var um kynningartíma og hvar tillögu að áætluninni væri að finna. Lista yfir samráðsaðila er að finna í [viðauka IV](#). Auk þess var kynningartíminn auglýstur opinberlega þar sem öllum gafst tækifæri til að koma sínum athugasemdum á framfæri.

Haldnir voru tveir fundir um stefnumótun fyrir friðlandið í nóvember 2017, annarsvegar á Ísafirði þar sem íbúum, landeigendum og hagsmunaaðilum var boðin þátttaka og hinsvegar í Reykjavík þar sem eingöngu landeigendum var boðin þátttaka. Rúmlega 50 þátttakendur voru á hvorum fundi. Á kynningartíma áætlunarinnar voru haldnir tveir opnir kynningarfundir, annar á Ísafirði og hinn í Reykjavík, þar sem spurningum varðandi áætlunina var svarað og fólk hvatt til að senda inn athugasemdir eða ábendingar varðandi drögin.

1.2. Eignarhald og umsjón

Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlýstum svæðum sbr. 13. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Eignarhald innan friðlandsins á Hornströndum er dreift þar sem um er að ræða land í eigu fyrrum íbúa og afkomenda þeirra svo og annarra einkaaðila, samtaka og ríkis. Ríkisjarðirnar Staður í Aðalvík og Hlöðuvík eru leigðar út.

Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps var stofnað 10. mars 1973 og hefur verið málsvari hús- og landeigenda innan friðlandsins allt frá því að svæðið var friðlýst árið 1975.

Starfandi er samráðsnefnd um málefni friðlandsins á Hornströndum, s.k. Hornstrandanefnd. Samkvæmt skipunarbréfi er hlutverk nefndarinnar m.a. ráðgjöf um málefni friðlandsins, framkvæmdir á svæðinu, stefnu o.s.frv. Nefndin er skipuð fulltrúum tilnefndum af Ísafjarðarbæ, Landeigendafélagi Sléttu- og Grunnavíkurhrepps auk Umhverfisstofnunar. Friðlandið á Hornströndum heyrir undir starfsstöð Umhverfisstofnunar á Ísafirði, þar starfar sérfræðingur að málefnum friðlandsins allt árið.

1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Friðlandið á Hornströndum var friðlýst sem friðland árið 1975 í samræmi við lög nr. 47/1971 um náttúruvernd með auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 366/1975. Friðlýsingin var endurskoðuð árið 1985 með auglýsingu nr. 332/1985. Auglýsingu um friðlandið er að finna í [viðauka I](#).

Gildandi aðalskipulag Ísafjarðarbæjar gildir til ársins 2020. Aðalskipulagið tekur til alls hins friðlýsta svæðis Hornstranda og er gert ráð fyrir friðlýsingunni þar.

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er kveðið á um að öll hús hundrað ára og eldri séu friðuð og gildir það ákvæði um nokkur hús innan friðlandsins.

1.4. Verndargildi og verndarflokkur

Friðlandið á Hornströndum hefur hátt verndargildi bæði á íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða þar sem svæðið er mikilvægt búsvæði fyrir fjölda fuglategunda auk þess sem friðlandið er eitt mikilvægasta búsvæði refa í Evrópu, en áætlað er að um 90% evrópska tófustofnsins eigi búsvæði á Íslandi.¹

Samkvæmt skilgreiningu Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN, um flokkun friðlýstra svæða þá flokkast friðlandið á Hornströndum undir flokk Ib. Svæði í þeim flokki eru skilgreind sem víðfeðm óbyggða- eða eyðibygðasvæði sem eru lítt eða ekkert röskuð af hálfu manna og hafa haldið sínum náttúrulegu einkennum. Sérstaklega er tilgreint að svæðin eru að öllu jöfnu án nútíma mannvirkja, þar á meðal vega, leiðslna, rafmagnslína, síma, mastra, raforkuvirkjana, fiskeldis, lágflugi flugvéla og án vélknúinna farartækja eða með mjög ströngum reglum um notkun þeirra. Þau eiga að bjóða upp á tækifæri til að upplifa einveru, eftir að komið er inn á svæðið, með hljóðlátum og lítið truflandi ferðavenjum. Þau eru að öllu jöfnu ekki opin fyrir miklum fjölda ferðamanna, en geta verið opin fyrir takmarkaðan fjölda gesta sem eru tilbúnir til að ferðast á eigin vegum, fótgangandi eða með bátum. Gestir svæðisins eru þeir sem búa yfir reynslu og búnaði til þess að takast á við það veðurfar og aðstæður sem er að finna á þessum svæðum, án utanaðkomandi aðstoðar. Verndarflokkurinn Ib hefur það að markmiði að viðhalda verndargildi svæðanna þar sem náttúrulegir ferlar fá að vera ríkjandi án afskipta manna. Þá er markmiðið einnig að komandi kynslóðir hafi tækifæri til þess að upplifa óbyggða- eða eyðibygðasvæði og kyrrðina sem þeim fylgja. Það sem er mikilvægt í sambandi við flokkun IUCN er að 75% hluti svæðanna þurfa að uppfylla þau skilyrði sem þeim fylgja, friðlandið á Hornströndum uppfyllir þessi skilyrði og er því réttilega hægt að flokka allt friðlandið í flokk Ib skv. IUCN.

¹ Náttúrufræðistofnun Íslands, 2013.

Samkvæmt náttúruverndarlögum eru óbyggð víðerni skilgreind sem a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum. Í íslensku náttúruverndarlögunum er ekki nægilega skýrt kveðið á um hvernig stýra eigi óbyggðum víðernum. Í ljósi þess hefur Umhverfisstofnun notast við leiðbeiningar IUCN um stýringu svæða í þessum flokki



2. Lýsing á svæðinu

2.1. Mörk svæðisins

Friðlandið á Hornströndum nær yfir norðvesturhluta Vestfjarðakjálkans utan Skorarheiðar sem liggur á milli Hrafnfjarðar í Jökulfjörðum og Furufjarðar.

Mörk svæðisins má sjá á korti í [viðauka II](#).

2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði

Skörðóttur skagi friðlandsins á Hornströndum er að mestu einangraður frá öðrum svæðum. Friðlandið liggur að svæði nr. 324 á náttúruminjaskrá, Snæfjallahrepp hinum forna. Forsendur skráningar þess svæðis á náttúruminjaskrá eru sambærilegar og friðlandsins, en þar er fjölbreytt og mikilfenglegt landslag með virðulegum fjöllum, ýmsum berggerðum, jökulgörðum og óshólmum, auk fjölskrúðugs gróðurs og dýralífs. Friðlandið er allt innan marka sveitarfélagsins Ísafjarðarbæjar.

2.1.2. Aðkomuleiðir

Algengasta aðkomuleiðin á Hornstrandir er af sjó. Boðið er upp á áætlunarferðir frá Ísafirði, Bolungarvík og Norðurfirði á Ströndum inn á friðlandið. Að auki er töluvert um umferð einkabáta. Aðeins ein bryggja er innan friðlandsins og er hún á Hesteyri. Sú bryggja er flotbryggja sem smærri bátar geta lagst við á flóði. Á öðrum stöðum er aðallega tekið land við byggð eða þekkta upphafsstaði gönguleiða.

Samkvæmt aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar eru tvö óskráð lendingar- og flugtakssvæði án nokkurs búnaðar, á Látrum í Aðalvík og í Fljótavík.

Mögulegt er að ganga inn á friðlandið, annarsvegar frá Ófeigsfirði á Ströndum og hinsvegar úr Dalbæ, Snæfjallaströnd.

2.2. Náttúruminjar

2.2.1. Jarðminjar

Jökulfirðir eru umluktir fjöllum og þar sést vel hvernig svæðið hefur byggst upp af röð eldgosa þar sem hraunlög eru vel sýnileg og setlög á milli. Jarðlögin eru hluti af blágrýtismynduninni sem er um 12-15 milljón ára gömul og eru ein hin elstu á landinu. Fjöldi bergganga skerst í gegnum hraunlagastaflann og mynda víða stórkostlega dranga og bríkur. Sjávarrof einkennir landmótun á Hornströndum en í Jökulfjörðum eru ummerki eftir jökulrof einkennandi.²

Friðlandið á Hornströndum er að mestu hálent og undirlendi lítið. Það er umlukið sjó á nær alla vegu utan Skorarheiðar. Hluti friðlandsins er hluti fornrar megineldstöðvar og bergganga eru algengir. Ströndin er vogskorin og skiptast á firðir og víkur, annes og þverhnipt björg í sjó fram svo og stórar margbreytilegar fjörur, hólmar, sker og sjávarlón. Nokkur stöðuvötn eru innan friðlandsins og fjöldi smárra og stórra vatnsfalla. Stórir árósar eru í sumum víkunum og fellur sjór nokkra kílómetra inn í land í sumum þeirra. Af einstökum jarðminjum má nefna Hornbjarg og Hælavíkurbjarg, þar sem lagskipting fjallanna kemur hvað skýrast fram, gígtappann Gýgjasporshamar í Hrafnfjarðarbotni og hina fjölmörgu bergganga sem skerast í gegnum hraunlagastaflann eða standa stakir víða á svæðinu.²

2.2.2. Gróður og vistgerðir

Gróðurfar á Hornströndum er sérstakt, annars vegar vegna þess að veðurfar þar líkist því sem gerist á heimaskautasvæðum og hins vegar vegna þess að ekki hefur verið beit á svæðinu í hálfa til heila öld. Snjólögin eru oft mikil og samfelld og verja gróðurinn vel fyrir frosthörkum yfir vetrartímann og það leysingavatn sem streymir síðan úr snjóalögnum veldur því að jarðvegur er rakur allt sumarið. Þessir þættir valda því að vaxtarskilyrði fyrir ýmsar plöntutegundir eru góð og finnast því einstök blómlendi innan friðlandsins.³ Í friðlandinu er mikil fjölbreytni plantna og þar hafa fundist um 260 tegundir háplatna.⁴ Flestar þessar tegundir eru algengar á Vestfjörðum en þar eru líka ýmsar sjaldgæfar tegundir eins og hlíðaburkni, *Cryptogramma crisa*, sem finnst aðeins á tveimur stöðum á Vestfjörðum. Samfelldur gróður nær ekki nema upp í 300-400 m hæð og ekki er minni fegurð fólgin í

² Hjálmar R. Bárðarson, 1993.

³ Arnín Óladóttir, 2002.

⁴ Eyþór Einarsson, 1975.

smávöxnum fjallajurtum, eins og jöklasóley, en hávöxnu stóði af burnirót, hvönn og blágresi. Þá má einnig nefna baunagras og blálilju í fjörum. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er að finna ýmsar vistgerðir með mjög hátt, hátt og miðlungshátt verndargildi. Meðal þeirra er starungsmýravist sem er með mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar, bugðupuntvist sem er vistgerð með hátt verndargildi og finnst einkum um vestanvert landið og á Austfjörðum, finnungsvist og sjávarkletta- og eyjavist sem eru báðar með hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Þá er einnig að finna lyngmóavist, hrossanálarvist og stinnastararvist en þær eru allar með miðlungs hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Á nokkrum stöðum ber á gróðurskemmdum vegna notkunar vélknúinna ökutækja s.s. fjórhjóra. Þá ber einnig á gróðurrofi á svæðinu, til dæmis á götum í kringum Horn. Sumar þeirra hafa breikkað mikið og því þörf að bregðast við gróðurrofi á svæðinu.

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til skógræktar á svæðinu, með litlum árangri.

Ágengar tegundir

Kerfill fyrirfinnst á Sæbóli og Hesteyri og lúpína er á stöku stað í friðlandinu. Unnið hefur verið að upprætingu lúpínu á Hesteyri.

Friðlýstar plöntur

Af friðlýstum plöntutegundum vaxa tvær innan friðlandsins, hlíðaburkni (*Cryptogramma crispa*) og eggtvíblaðka (*Listera ovata*). Eggjativíblaðka er sjaldgæf, en hana má þó finna í flestum landshlutum nema miðhálandinu. Válistar eru opinberar skrár yfir tegundir lífvera sem eiga undir högg að sækja eða eru í hættu í náttúrunni. Tegundir á válista eru flokkaðar eftir alþjóðlega viðurkenndu kerfi Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN). Hlíðaburkni er á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands í hættuflokki VU (í yfirvofandi hættu).⁵

2.2.3. Dýralíf

Fuglalíf

Innan friðlandsins eru sjö alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði sem öll eru sjófuglabbyggðir: (1) Grænahlíð er sæbrött hamrahlíð yst við Ísafjarðardjúp að norðan og nær frá Sléttu í Jökulfjörðum að Ritaskörðum en þar verpur aðallega fýll (15.400 pör). (2) Rytur er hömrum girtur höfði á mörkum Ísafjarðardjúps og Aðalvíkur og er í beinu framhaldi af Grænuhlíð og er hann mikilvægur varpstaður ritu (19.166 pör) og langvíu (11.789 pör). Fýll verpur einnig í Rytnum sem og stuttnefja. (3) Kögur er hamranúpur austan við Fljótavík, þar er svo til eingöngu fýll (27.360). (4) Kjalarárnúpur er vestan við Hlöðuvík á Hornströndum með aðallega fýll (19.167). (5) Hælavíkurbjarg er þverhníptur hamraveggur við vestanverða Hornvík og eitt af þremur mestu fuglabjörgunum á Íslandi og þar verpur fjöldi sjófugla. (6) Hornbjarg er nyrsti tangi Vestfjarða og nær á milli Hornvíkur og Látravíkur. Það er eitt af þremur mestu fuglabjörgum á Íslandi. Þær tegundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum í Hornbjargi eru fýll (35.613 pör), rita (243.759 pör), langvía (268.275 pör), stuttnefja (183.738 pör) og álka (5.607 pör). Að lokum er það (7) Smiðjuvíkurbjarg sem liggur norðan við Smiðjuvík en þar er nær eingöngu fýll (26.212

⁵ Náttúrufræðistofnun Íslands, (e.d.)

pör).⁶ Í friðlandinu er einnig að finna mikið af æðar- og andfugli en Hornstrandir eru mikilvægt fjaðrafellissvæði æðarfugla auk þess sem hluti friðlandsins er vetrardvalarstaður straumanda. Fleiri tegundir eins og sendling, snjótittling og þúfuttling er algengt að sjá og einnig verpa hafnir, fálkar og smyrlar innan friðlandsins. Stöðuvötn eru fá svo lítið er um vatnafugla en þó má finna lóma, stokkendur, álfir og óðinshana. Samkvæmt eldri talningum finnast eftirfarandi válistategundir í friðlandinu: haförn og helsingur eru tegundir í hættu, hrafn, fálki, grágæs, gulönd, himbrimi, stuttnefja og svartbakur eru í yfirvofandi hættu og straumönd er tegund í nokkurri hættu.⁷ Eins og fram kemur hér að ofan þá er fuglalíf fjölskrúðugt, en í heildina eru um 30 fuglategundir sem verpa í friðlandinu. Vert er að nefna að óheimilt er að þeyta flautur, fljúga flugvélum eða vera með annan hávaða að óþörfu í grennd við fuglabjörg. Enn fremur er óheimilt að hleypra af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og á sjó nær en 500 m. Þá má aldrei skjóta fugl í fuglabjörgum.⁷

Spendýr og fiskar

Af spendýrum er refurinn mest áberandi og er hann alfriðaður. Hagamýs eru algengar í friðlandinu og við ströndina er algengt að sjá seli, bæði landsel og útsel. Landselurinn er á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands og er flokkaður í bráðri hættu (CR). Stöku sinnum má sjá smáhveli synda inná vikur og firði. Minkur finnst innan friðlandsins en hann hefur verið skilgreindur sem ágeng tegund á Íslandi. Af og til slæðast rostungar og hvítabirnir inn í friðlandið. Talsvert af laxi syndir með ströndum og leitar oft í ósa og ferskvatnsár.

Refurinn

Heimskautarefurinn er skráður í II. viðauka Bernarsamningsins og er tegundin friðuð í Evrópu. Heimskautarefurinn er talinn í útrýmingarhættu á Norðurlöndunum (utan Svalbarða) og hefur verið alfriðaður frá árinu 1928 í Svíþjóð, 1929 í Noregi og 1940 í Finnlandi. Miklu hefur verið varið til rannsókna og eflingu stofns heimskautarefs í Skandinavíu, en samt sem áður hefur fjölgun í stofninum verið hæð. Á Íslandi er að finna yfir 90% af öllum heimskautarefum Norðurlandanna. Ísland ber því mikla ábyrgð á framgangi tegundarinnar innan Evrópu.⁸ Samkvæmt alþjóða náttúruverndarsamtökunum, IUCN þá flokkast stofn heimskautarefsins í flokkinn „stöðugur“ þrátt fyrir að vandamál steðji að tegundinni víða á útbreiðslusvæðum hennar, fyrst og fremst vegna loftslagsbreytinga og ofveiði.⁹

Veiðar á refum eru stundaðar víða um land, undir eftirliti Umhverfisstofnunar, en á Hornströndum eru refir alfriðaðir. Friðlandið er því talið eitt helsta griðland refa á Íslandi. Fjöldi ferðamanna heimsækir friðlandið á Hornströndum til að sjá og taka myndir af villtum heimskautarefum, bæði sumar og vetur. Talsverðar rannsóknir hafa verið gerðar á refnum, lífsháttum hans og áhrifum ferðamanna á hegðun hans og afkomu. Þær hafa sýnt fram á að ferðamennska getur í sumum tilfellum haft neikvæð áhrif á afkomu refa. Melrakkasetur Íslands ehf. var stofnað í Súðavík 15. september 2007 og er markmið setursins að safna saman á einn stað allri þekkingu, efni og hlutum sem tengjast melrakkanum í fortíð

⁶ Náttúrufræðistofnun Íslands, 2017.

⁷ Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

⁸ Náttúrufræðistofnun Íslands, 2016.

⁹ Angerbjörn, A Tannerfeldt, 2014.

og nútíð. Melrakkasetur Íslands hefur stuðlað að og tekið þátt í rannsóknum á líffræði tegundarinnar og þróun sjálfbærrar náttúruulífs-ferðamennsku.¹⁰

2.3. Menningarminjar

Hornstrandir byggðust, að talið er, fremur seint á landnámsöld. Vegna veðurfars voru jarðir flestar litlar og hefðbundinn búskapur erfiður. Grasspretta var hæg og lítil og oft treyst á fjörubeit. Fiskimiðin voru hinsvegar gjöful og fuglarík björg þau hlunnindi sem fólk byggði líf sitt og búsetu á. Hornstrandir og nærliggjandi svæði fóru í eyði á tuttugustu öld. Árið 1952 flutti síðasti ábúandinn af svæðinu (Hesteyri) utan vitavarðar á Hornbjargsvita, en staða hans lagðist af árið 1995. Síðan þá hefur enginn búið í friðlandinu. Eftir standa hús sem flest voru byggð á fyrstu áratugum tuttugustu aldar, af þeim eru Staðarkirkja í Aðalvík og bænahúsið í Furufirði friðlýst. Í Aðalvík eru minjar um hersetu og víða má finna rústir ýmissa húsa innan friðlandsins. Gönguleiðir innan friðlandsins eru helstu samgönguleiðir sem farnar voru meðan svæðið var í ábúð. Leiðirnar eru flestar merktar með vörðum og falla þær ásamt götum undir minjavernd.

Á Straumnesfjalli í Hornstrandafriðlandi standa rústir ratsjástöðvar sem reist var af Bandaríkjamönnum um miðjan sjötta áratug síðustu aldar. Rústir mannvirkja sem reist voru af Bretum í seinni heimsstyrjöldinni er einnig að finna á Lækjarfjalli sunnan Aðalvíkur.

Fornminjar á fornleifaskrá

Ekki hefur verið gerð fornleifaskráning á svæðinu í heild en eftirtaldar fornminjar eru friðlýstar og á fornleifaskrá: Álfstaðir í Grunnavíkurhreppi. Rústir og önnur mannvirki á eyðibýlinu Sviðningsstöðum; Steinólfsstaðir, löng grjótdys nefnd Steinólfsdys; Atlastaðir, skálatóft Vébjarnar Sygnakappa á hól í túninu og Látrar, virkisrúst á Virkishól í Látrakví, dalhvilft í Látrafjalli/Straumnesfjalli.

2.4. Ágangur sjávar

Samskipti lands og sjávar eru flókin og breytingar eru hraðar. Á síðustu öld hefur yfirborð heimshafanna farið hækkandi. Hækkunina má aðallega rekja til þenslu sjávar og vaxandi sjávarhita og eins bráðnunar jökla og íss. Eitt af áhrifum hækkandi sjávar er aukið álag á strendur.¹¹ Meðfram ströndum friðlandsins á Hornströndum er að finna fornminjar í mismunandi ástandi, margar af þessum fornminjum eru nú þegar horfnar eða kunna að hverfa vegna ágangs sjávar.¹² Þá eru margar minjar við ströndina í Höfn í hættu og vitað er að Hælavíkurbærinn hefur horfið að einhverju leyti í sjávarrofi.

2.5. Landnotkun

Ástandsmat hefur verið unnið fyrir friðlandið undanfarin ár. Nú nýverið tók Umhverfisstofnun í notkun nýtt verkfæri til ástandsmats á ferðamannastöðum og var það prófað á Hesteyri og í Hornvík árið 2018. Í dag er svæðið að mestu notað til útivistar og náttúruskoðunar og hafa hefðbundnar nytjar að miklu

¹⁰ Melrakkasetur Íslands, (e.d).

¹¹ Veðurfarsbreytingar og afleiðingar þeirra, 2000.

¹² Minjar í hættu, 2014.

leyti fallið niður. Eggjataka hefur þó alla tíð verið stunduð í einhverjum mæli, þó í mun minna mæli nú en þegar svæðið var í ábúð. Hér á eftir er fjallað nánar um landnotkun á svæðinu.

2.5.1. Kvikmyndun

Allt rask á svæðinu er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Á þetta einnig við um þær kvikmyndatökur þar sem breyta þarf með einhverju móti aðstæðum á svæðinu. Á síðustu árum hefur áhugi á að kvikmynda og ljósmynda innan svæðisins aukist mikið og fyrirspurnir komið frá fyrirtækjum um að fá að koma og mynda lífríki svæðisins. Í því skyni að stýra álagi á svæðið til framtíðar er talið nauðsynlegt að hvers konar kvikmyndataka og ljósmyndun sem getur haft áhrif á náttúru og lífríki svæðisins og upplifun gesta sé háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr. sérregla nr. 2 í kafla 4. Með tilkomu reglu sem sett er fram varðandi kvikmyndatöku og ljósmyndun þarf leyfi Umhverfisstofnunar og er stofnuninni heimilt að setja skilyrði þar um (sjá kafla 3.6.2. og reglu nr. 2 í kafla 4).

2.5.2. Veiðar

Leyfi landeigenda sem í hlut á þarf til allra veiða, eggjatöku og hlunnindanytja. Ef ekki er um að ræða hefðbundnar nytjar þarf leyfi Umhverfisstofnunar. Þær veiðar sem stundaðar eru innan svæðisins eru veiðar á svartfugli. Eggjataka hefur einnig verið stunduð innan friðlandsins en hefur farið minnkandi undanfarin ár. Stangveiðar hafa verið stundaðar innan friðlandsins auk netaveiða út frá strönd við Hornvík og Látra og víðar.

2.5.3. Ferðapjónusta og útivist

Megin þorri þeirra gesta sem heimsækja friðlandið koma á tímabilinu 15. júní til 15. ágúst. Starfstími ferðapjónustunnar í friðlandinu hefur samt sem áður lengst á allra síðustu árum en í lok febrúar hefjast skipulagðar ferðir inn í friðlandið, bæði lífríkisljósmyndaferðir og fjallaskiðaferðir. Hefðbundnar gönguferðir hefjast í byrjun júní og standa fram í september. Stærsti hluti göngufólks kemur í dagsferðir en hefðbundnir bakpokaferðamenn eru um það bil 1000 á ári hverju. Nokkuð er um kajakferðamenn, þá aðallega innan Jökulfjarða.

Þegar farið er í göngu á Hornströndum þá er mikilvægt að hafa kort og áttavita eða GPS tæki meðferðis þar sem fólki getur yfirsést vörður ef það er ekki vant að ganga eftir þeim. Þá er oft þoka á svæðinu og því vandratað. Ár geta verið erfiðar yfirferðar í miklum vatnaveðrum og talsverður snjór er á hálendi svæðisins allt árið um kring. Upplýsingar um gönguleiðir innan svæðisins geta verið villandi á eldri kortum sem gefin hafa verið út í gegnum tíðina. Umhverfisstofnun hefur því lagt áherslu á að koma upplýsingum á framfæri til ferðamanna innan friðlandsins um gönguleiðir svæðisins.

Á undanförnum árum hefur umferð skemmtiferðaskipa í nágrenni við friðlandið aukist. Sum þeirra hafa óskað eftir því að heimsækja friðlandið og dæmi eru um landtökur án vitneskju Umhverfisstofnunar eða landeigenda. Eitthvað er um vélsleðaferðir á veturna en óheimilt er að fara um svæðið nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til, sbr. 2. gr. auglýsingar um friðland á Hornströndum.

2.6. Innviðir og mannvirki

Innviðir og mannvirki í friðlandinu eru fyrst og fremst miðaðir að því að þjónusta ferðamenn svæðisins auk þeirra innviða sem eru í tengslum við hús landeigenda. Þrátt fyrir að landið sé friðlýst sem friðland þá er því stjórnað í samræmi við skilgreiningu Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN og 46. gr. náttúruverndarlaga, 1b eða óbyggð víðerni. Sú skilgreining var ekki fyrir hendi í náttúruverndarlögum

Þess tíma. Við stjórnun óbyggðra víðerna miðar friðlýsingin að því að varðveita einkenni svæðisins og tryggja að núlifandi og komandi kynslóðir geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja.

2.6.1. Tjaldstaðir

Innan friðlandsins á Hornströndum eru 14 tjaldstaðir á vegum Umhverfisstofnunar og tveir að auki einkareknir þar sem heimilt er að talda. Tjaldstaðirnir eru í samræmi við ákvæði aðalskipulags Ísafjarðarbæjar. Við tjaldstaðina eru 16 þurrsalarnir og tvö vatnssalarnir. Auk þess er Umhverfisstofnun með aðstöðu fyrir landverði í Höfn í Hornvík og á Hesteyri til upplýsingaveitu fyrir gesti svæðisins.

2.6.2. Landvarsla

Umhverfisstofnun heldur úti landvörslu innan friðlandsins á tímabilinu júní – september. Undanfarin ár hefur verið ráðinn sumarlandvörður auk þess sem sérfræðingur friðlandsins hefur sinnt landvörslu. Árið 2017 og 2018 fékkst aukið fjármagn til landvörslu og voru 15 landvarðavikur nýttar 2017 og 16 landvarðavikur 2018, ásamt heilsársstöðu sérfræðing svæðisins. Slíkt aukafjármagn hefur ekki verið tryggt til frambúðar.

2.6.3. Byggingar

Þegar svæðið var í byggð voru þrjú þorp á svæðinu Hesteyri, Sæból og Látrar. Þessu til viðbótar hefur á síðari tímum myndast þorp sumarhúsa í Fljótavík. Samkvæmt aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar frá árinu 2008 voru þá 54 hús í friðlandinu, en til ársins 2020 má fjölga þeim í 110, samkvæmt Viðauka A-2 í aðalskipulaginu.

Nýbyggingar eða breytingar á byggingum í friðlandinu á Hornströndum eru háðar byggingarleyfi, sbr. skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Þær eru jafnframt háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. auglýsing nr. 332/1985 um friðland á Hornströndum. Þar segir að mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 fótum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, sé háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Hesteyri var þéttbýliskjarni sem bjó yfir mestri þjónustu Sléttuhreppinga, en þar var pósthús, símstöð, búseta lækis, verslun og nálægð við verksmiðjuna að Stekkeyri. Þar var stundaður búskapur og sjósókn. Á Hesteyri stóðu 18 hús þegar mest var, mörg þeirra flutt tilniðin frá Noregi. Í dag er að finna 9 hús á Hesteyri en samkvæmt aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar má byggja þar 9 hús til viðbótar, að undangengnu deiliskipulagi. Húsin sem standa á Hesteyri í dag eru; Skólinn, Búðin, Læknishúsið, Móar, Heimabær 1 og 2, Reyrhóll, Langivöllur og Gerðukot.

Sæból er þéttbýliskjarni í vikinni vestanverðri. Þar stóðu 15 hús þegar mest var á árunum 1908–1965. Á Sæbóli var stundaður hefðbundinn búskapur í bland við útræði. Það sem í daglegu tali kallast Sæból samanstendur í raun af þremur lögbýlum Sæbóli, Görðum og Sæborg. Í gildandi aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er þetta flokkað sem ein skipulagsheild. Í dag standa 2 hús í landi Sæborgar, 1 hús í landi Garða og 9 hús í landi Sæbóls.

Látrar var þorp í Norður-Aðalvík. Um aldamótin 1900 var aðalatvinnan fiskveiðar en jafnframt heyjaði hver fjölskylda fyrir kýr, kindur og hesta. Um 120 manns bjuggu í 21 húsi og samkvæmt samþykkt við gerð aðalskipulags Ísafjarðarbæjar má byggja jafnmörg hús og voru á þessu tímabili. Nú standa 10 hús

að Látrum. Margar tóftir eru sýnilegar sem t.d. sýna byggingarstíl útihúsa, en á fjörukambinum eru lítil ummerki um mörg fiskvinnsluhús. Á þessum stöðum eru í dag smáhýsi fyrir báta og vélhjól.

Nú er svo komið að um 25 hús standa enn í friðlandinu frá þeim tíma sem svæðið var byggt, en að auki hafa risið um 35 hús til viðbótar, annaðhvort ný sumarhús eða endurbyggingar eldri húsa. Öll íbúðar-/sumarhúsin eru nýtt til einkanota fyrir utan fimm sem eru nýtt sem gistaðstaða (Búðir í Hlöðuvík, Kvíar, Hornbjargsviti, skáli í Bolungavík og Læknishúsið).

Samkvæmt auglýsingu um friðlandið þá er öll mannvirkjagerð og önnur breyting á landi háð leyfi Umhverfisstofnunar.

2.6.4. Neyðarskýli

Innan friðlandsins er að finna 8 neyðarskýli sem eru jafnframt merkt inn á kort en eru þau í misjöfnu ásigkomulagi. Nokkrar björgunarsveitir skipta með sér ábyrgð skýlanna.

2.6.5. Gönguleiðir

Helstu gönguleiðir innan friðlandsins voru skilgreindar í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Umhverfisstofnun hefur samið tilmæli til gesta friðlandsins þar sem meðal annars er fjallað um hvernig best er að bera sig að í gönguferðum á svæðinu ([viðauki VII](#)). Eins hefur Umhverfisstofnun látið útbúa gönguleiðakort sem er að finna á heimasíðunni og í [viðauka II](#). Stígar á Hornströndum eru fjölbreyttir að gerð, allt frá því að vera óljósar slóðir og í það að vera vel byggðar götur. Umhverfisstofnun hefur á undanförunum árið unnið að því að viðhalda vörðum í samstarfi við aðila með sérþekkingu í grjóthleðslu og í samráði við Minjastofnun Íslands.

2.6.6. Skilti

Upplýsingaskilti eru við alla landingastaði báta sem sinna skipulögðum ferðum í friðlandið. Þar koma fram leiðbeinandi upplýsingar varðandi umgengni um svæðið auk þess er kort af svæðinu og helstu gönguleiðum og tjaldsvæðum.

Við Hesteyri og Hornvík eru ítarlegri skilti með stórum kortum af svæðinu og helstu innviðum.

2.7. Öryggismál

Umhverfisstofnun hefur unnið öryggisáætlun fyrir svæðið sem kom út árið 2018. Áætluninni er ætlað að stuðla að réttum viðbrögðum í óvæntum aðstæðum sem upp geta komið í starfi landvarða og auka öryggi þeirra og gesta á þeim svæðum þar sem þeir starfa. Fjallað er m.a. um viðbrögð við slysum, verklagsreglur er lúta að öryggismálum, menntunarkröfur landvarða, fræðslu um öryggismál á svæðum og áhættumat. Öryggisáætlunin fyrir friðlandið á Hornströndum er aðgengileg á starfsstöðvum landvarða innan friðlandsins auk þess að vera kynnt fyrir landvörðum í upphafi hvers tímabils. Einnig er hún aðgengileg á vefsvæði Umhverfisstofnunar. Gildistími áætlunarinnar er 5 ár en að þeim tíma liðnum verði hún endurskoðuð. Gátlistar og áhættumat eru uppfærðir árlega.

Slysavarnafélagið Landsbjörg heldur úti átta neyðarskýlum innan friðlandsins. Flest þeirra eru útbúin VHF-fjaraskiptastöð.

2.8. Fræðsla og kynning

Fræðsla á svæðinu er tvískipt. Annarsvegar upplýsingagjöf áður en fólk kemur inn á svæðið í formi umgengisreglna sem eru sendar til ferðaskrifstofa og allra þeirra sem óska eftir upplýsingum um svæðið. Hins vegar fer fræðslan fram á svæðinu þar sem landverðir tala við alla ferðamenn sem þeir hitta, fara yfir reglur svæðisins og ræða ferðaáætlanir hvers og eins. Skilti með umgengisreglum er að finna á öllum landtökustöðum ferðaþjónustuaðila.

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar er að finna upplýsingar um friðlandið á Hornströndum. Upplýsingabæklingur um Hornstrandir frá árinu 2000 er til en hefur ekki verið endurnýjaður.

Árið 2012 var útbúin lítil handbók; Upplýsingar til land-/húseigenda, þar sem farið er yfir umgengisreglur, utanvegaakstur, sorpmál og fleira. Var handbókin unnin af starfsmanni Umhverfisstofnunar í samstarfi við Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurbrepps.

2.9. Mönnuð og ómönnuð loftför

Tveir óskilgreindir lendingar- og flugtaksstaðir án nokkurs búnaðar eru innan friðlandsins skv. aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, þ.e. á Látrum í Aðalvík og í Fljótavík. Lendingar hafa auk þess verið stundaðar víðar á friðlandinu á stöðum sem ekki eru skilgreindir sértaklega sem lendingarstaðir.

2.10. Rannsóknir og vöktun

Náttúrustofa Vestfjarða hefur séð um rannsóknir og vöktun á svæðinu og nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu hennar: www.nave.is. Einnig hefur Náttúrufræðistofnun Íslands í samstarfi við Melrakkasetur Íslands rannsakað refinn um árabíl.

Starfsmenn og sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar hafa komið að rannsóknum og vöktun innan friðlandsins á margvíslegan hátt í gegnum árin m.a. lífríkisvöktunum í samstarfi við rannsóknastofnanir, talningum á fjölda ferðamanna, vöktun á ferðahegðun, ástandi göngustíga og ágangi framandi tegunda. Talningar hafa verið gerðar á fuglum í friðlandinu en þó er lítið um nýlegar talningar af svæðinu.

Ástand friðlandsins er metið reglulega í yfirferð um svæðið af landvörðum og sérfræðingi Umhverfisstofnunar. Árlega er gefin út ástandsskýrsla fyrir friðlandið þar sem helstu upplýsingar varðandi svæðið koma fram.

Nánari lýsingu og fróðleik um friðlandið á Hornströndum má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.umhverfisstofnun.is>



3. Markmið, stefna og leiðir

Markmið þessarar áætlunar er að vernda náttúru- og menningarminjar Hornstranda og viðhalda verndargildi svæðisins. Vegna þess hve viðkvæmt lífríki er að finna í friðlandinu er lögð áhersla á stýringu umferðar gesta svæðisins. Friðlandinu er skipt upp í tvö svæði með mismunandi stefnu er varðar stýringu og uppbyggingu innviða. Í þessum kafla eru skilgreind markmið, gerð grein fyrir framtíðarstefnu svæðisins og kortlagðar aðgerðir sem framkvæma þarf á næstu árum. Þar sem svæðið er flokkað í verndarflokk Ib samkvæmt flokkun Alþjóða náttúruverndarsamtakanna (IUCN), óbyggðir, taka stefna og aðgerðir mið af þeirri flokkun en verndun og stjórnun svæða í þessum flokki miðar að því að varðveita náttúrulegt ástand þeirra.

3.1. Ástandsmat

Stefnt er að því að skilgreina fleiri staði þar sem unnið verður ástandsmat til viðbótar við Hesteyri og Hornvík.

Aðgerðir:

- ✓ Ástandsmat unnið árlega fyrir svæðið sem snýr að gróðri, framandi tegundum, gönguleiðum og ferðamannastöðum.

3.2. Stjórnarsýsla

Auglýsing um friðlýsingu Hornstranda er frá árinu 1985 og því komin nokkuð til ára sinna. Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að auka skýrleika friðlýsingarákvæðanna, til dæmis hvað varðar leyfisveitingar á svæðinu. Ekki er stefnt að heildar endurskoðun auglýsingarinnar, heldur að þær reglur sem um svæðið gilda verði skýrðar í áætlun þessari. Í því skyni að auka skýrleika mun Umhverfisstofnun einnig móta viðmið sem stofnunin mun styðjast við þegar veittar eru undanþágur frá þeim sérstöku reglum sem settar eru og koma fram í kafla 4.

Aðgerðir:

- ✓ Mótud verði viðmið til stuðnings við veitingu undanþága frá sérstökum reglum sem um friðlandið gilda.

3.3. Náttúruminjar

Stefnt er að því að náttúruminjar friðlýsta svæðisins, þar með talið dýralíf, gróður og jarðminjar fái að þróast á eigin forsendum. Leita skal leiða til að veita fólki tækifæri til náttúruskoðunar á svæðinu með skipulagi gönguleiða og fræðslu, en þó með það að markmiði að náttúrulegt ástand svæðisins sé varðveitt. Ekki skal skerða gróður eða trufla dýralíf. Sérstök aðgát skal ávallt höfð á grenjatíma refa og í nágrenni við greni og fuglabjörg. Þegar jörð er mjög blaut eftir rigningatíð skal tekið tillit til þess í umgengni um svæðið. Allt jarðrask er óheimilt og mannvirkjagerð og önnur breyting á landi er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Allar framkvæmdir og mannvirkjagerð skulu vera lágstemmdar og falla vel að landslagi.

3.3.1. Jarðminjar

Stefnt er að því að jarðminjar svæðisins fái að þróast á eigin forsendum. Allt rask á jarðminjum er háð leyfi Umhverfisstofnunar og skulu slík leyfi aðeins veitt með skilyrðum.

3.3.2. Gróður

Vernda skal gróður innan svæðisins og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir jarðvegsrof af völdum ágangs. Í stýringu felst meðal annars gerð gönguleiða ([kafli 3.9.5](#)) og merkinga ([kafli 3.9.6](#)). Óheimilt er að dreifa framandi tegundum á svæðinu, sbr. [regla númer 1](#) í kafla 4, og stefnt skal að því að hindra framgang ágengra plantna innan friðlandsins. Landeigendur á svæðinu verði hvattir til að taka þátt í upprætingu ágengra plantna. Ekki er stefnt að skógrækt innan svæðisins.

Aðgerðir:

- ✓ Uppfæra árlega á áætlun um aðgerðir gegn framgangi ágengra tegunda.
- ✓ Upplýsingarit landeigenda uppfært árlega vegna aðgerða gegn framgangi ágengra tegunda.

3.3.3. Dýralíf

Vernda skal dýralíf Hornstranda og skal það fá að þróast og dafna á eigin forsendum að því undanskildu að stefnt er að útrýmingu minks inn á svæðinu. Gestir svæðisins skulu ekki trufla dýralíf innan friðlandsins að óþörfu. Sérstaka aðgát skal sýna á varptíma fugla og þegar yrðlingar eru í grenjum. Stefnt skal að virkri vöktun á öllu dýralífi svæðisins. Áfram skal unnið að því að þróa og senda tilmæli til ferðaþjónustuaðila varðandi umgengni við refi. Truflun á búsvæðum refs skal haldið í lágmarki með aukinni upplýsingagjöf til ferðaþjónustuaðila, landeigenda og gesta svæðisins, sjá [viðauka VII](#) um umgengni við refi. Landeigendur skulu vera upplýstir um þær ágengu dýrategundir sem eru innan friðlandsins og þær heimildir sem eru til útrýmingar þeirra.

Aðgerðir:

- ✓ Upplýsingar varðandi umgengni við refi og við fuglabjörg verði uppfærðar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.
- ✓ Upplýsingarit landeigenda uppfært árlega vegna stöðu minks innan friðlandsins.

- ✓ Upplýsingar um umgengni við refi og við fuglabjörg verði birtar á korti fyrir friðlandið.

3.4. Menningarminjar

Menningarminjar eru órjúfanlegur hluti heildarmyndar svæðisins. Stuðla skal að verndun menningarminja margskonar, á það við um fornminjar, örnefni og þjóðsögur sem tengjast svæðinu. Leita skal samráðs við Minjastofnun Íslands vegna fræðslu um menningarminjar og verndarráðstafana hverskonar er snerta menningar- og fornminjar á svæðinu. Stuðla skal að öflugu samstarfi Umhverfisstofnunar, landeigenda, Minjastofnunar Íslands og minjavarðar Vestfjarða um varðveislu og fræðslu menningarminja. Umhverfisstofnun skal viðhalda manngerðum gönguleiðum, vörðum og gömlum götum innan svæðisins í samstarfi við Minjastofnun Íslands og aðila sem hafa sérþekkingu þar á. Umhverfisstofnun stefnir á að óska eftir samvinnu við Veðurstofu Íslands og Þjóðminjasafn Íslands um að sögu veðurathugana á svæðinu verði gerð skil.

3.5. Ágangur sjávar

Áhyggjur manna hafa aukist á undanförunum árum af menningarminjum sem gætu orðið fyrir raski vegna ágangs sjávar eða glatast ef ekkert verður aðhafst til að vernda þær. Umhverfisstofnun stefnir að því að vinna með Minjastofnun að því verkefni að forgangsraða þeim minjum sem þarf að vernda gegn ágangi sjávar. Mikilvægt er að fylgjast með þeim og ástandi þeirra en þá þarf að vera búið að skrá þær.

Aðgerðir

- ✓ Forgangsraða minjum sem þarf að vernda gegn ágangi sjávar í samstarfi við Minjastofnun.

3.6. Landnotkun

Ekki er stefnt að breytingu á landnotkun innan friðlandsins en hún hefur fyrst og fremst verið í formi ferðamennsku auk þess sem hlutar svæðisins eru nýttir til sumardvala fyrir hús- og landeigendur.

Aðeins er heimilt að tjalda á skilgreindum tjaldstöðum innan friðlandsins. Landeigendum er heimilt að leyfa tjöldun á sínu landi og sjá þá gestum sínum fyrir hreinlætisaðstöðu, sbr. [regla númer 12](#) í kafla 4.

Vegna gróðurverndar er aðeins heimilt að hafa tjald innan tiltekins tjaldstaðar í eina viku í senn, þá þarf að færa tjaldið innan tjaldstaðarins eða taka það niður, sbr. [regla númer 13](#) í kafla 4.

3.6.1. Verkefni sjálfbóðaliða

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar á Ísafirði skal skilgreina verkefni og bjóða sjálfbóðaliðum að taka þátt í verkefnum sem stuðla að verndun svæðisins. Stefnt skal að auknu samstarfi um verndun svæðisins með land- og húseigendum.

Aðgerðir

- ✓ Verkefni skilgreind sem sjálfbóðaliðar geta tekið að sér.

3.6.2. Kvikmyndataka og ljósmyndun

Kvikmyndataka og ljósmyndun skal ekki trufla dýralíf innan friðlandsins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Í því skyni að stýra álagi á svæðið til framtíðar er talið nauðsynlegt að hvers konar

kvikmyndataka og ljósmyndun sem getur haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta sé háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun skal setja skilyrði vegna myndatöku í því skyni að lágmarka áhrif hennar sbr. [reglu númer 2](#) í kafla 4. Til að hægt sé að vinna úr þeim kvikmynda- og ljósmyndaleyfum sem inn koma og haga fjölda þeirra eftir álagi á lífríki innan friðlandsins setur Umhverfisstofnun þau skilyrði að sótt sé um leyfi fyrir 30. maí ár hvert.

3.6.3. Hundar innan friðlandsins

Allt hundahald innan friðlandsins er óheimilt sbr. [reglu númer 4](#) í kafla 4. Landeigendum er þó heimilt að koma með hunda í sín hús, þeir skulu þó ávallt vera í taumi. Björgunarahundar og leiðsögu- og þjónustuhundar eru undanskildir banninu. Leiðsögu- og þjónustuhundar eru sérþjálfaðir til að aðstoða fólk með sjón- eða heyrnarskerðingu eða aðra fötlun, svo sem hreyfihömlun. Fyrir skal liggja vottorð sérfræðinga um þörf þeirra og þjálfun. Takmörkun þessi er sett vegna ábúðarpéttleika refsins á þessu svæði sem er með því mesta sem þekktist. Hundar geta haft mjög truflandi áhrif á lífshætti refsins og er með takmörkuninni stuðlað að verndun refsins gegn mögulegum áhrifum hunda.

3.7. Svæðaskipting

Í áætluninni er friðlandinu skipt upp í tvö svæði, eystara og vestara. Skiptingin byggir fyrst og fremst á þáttum er varða verndun lífríkis og náttúru svæðisins, kyrrðar og víðerna ásamt þeim innviðum sem til staðar eru á hverju svæði. Kort af svæðaskiptingunni má sjá í [viðauka III](#).

Stefnt er að því að beina megin þunga ferðamanna á vestara svæðið fremur en á austara, að teknu tilliti til aðstæðna innan friðlandsins á hverjum tíma. Lífríki á vestara svæðinu er ekki jafn viðkvæmt og lífríki á austara svæðinu og getur því tekið við meiri fjölda ferðamanna. Auk þess eru þeir innviðir sem þegar eru til staðar á því vestara betur til þess fallnir að taka við stærri hópum gesta og öryggi gesta betur tryggt (farsímasamband og betri stígar). Á austara svæðinu er lögð áhersla á að minni hópar heimsæki svæðið og fylgi skilgreindum gönguleiðum þar sem þess er kostur. Þar er að finna mikilfengleg fuglabjörg og helstu búsvæði refs á Hornströndum sem mikilvægt er að standa vörð um og takmarka truflun eins og kostur er. Nánari umfjöllun um svæðaskiptinguna má finna hér á eftir og í kafla 3.8. Ferðapjónusta og útivist.

VESTARI HLUTI

Vestari hluti afmarkast af línu sem dregin er frá Stekkeyri upp á Háuheiði, eftir Fljótsheiði í Tunguhorn og þaðan yfir víkina í Bæjarfjall. Þorpin á svæðinu búa yfir innviðum þar sem hægt er að taka á móti stærri hópum. Leiðirnar sem liggja á milli þorpanna eru ekki í stakk búnar til að taka við stórum hópum gesta. Að svo komnu eru ekki sett takmörk á fjölda gesta innan þorpa (Hesteyri, Sæból, Látrar og Fljótavík) en bent er á að jarðirnar eru í einkaeigu og virða ber rétt íbúa fyrir ró og næði.

Hópastærð er takmörkuð við 30 manns þegar gengið er á milli þorpanna, sbr. [regla númer 7](#) í kafla 4.

AUSTARI HLUTI

Austari hluti afmarkast af línu sem dregin er frá Stekkeyri upp á Háuheiði, eftir Fljótsheiði og í Tunguhorn, þaðan yfir víkina í Bæjarfjall og að mörkum friðlandsins í austri. Lífríki svæðisins er mun viðkvæmara heldur en á því vestara, landið er mun blautara og þolir því minni ágang.

Hópastærð er takmörkuð við 15 manns innan austara svæðisins, sbr. [regla númer 6](#) í kafla 4.

Varðandi hópastærðir verður haft samtal við ferðapjónustuaðila þar sem verður mælt til þess að hver og einn aðili verði ekki með fleiri en einn hóp á dag.

3.8. Ferðapjónusta og útivist

Eins og áður hefur komið fram þá flokkast friðlandið á Hornströndum undir flokk Ib samkvæmt skilgreiningu Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN. Svæði í þeim flokki eru skilgreind sem víðfeðm óbyggða- eða eyðibýggðasvæði sem eru lítt eða ekkert röskuð af hálfu manna og hafa haldið sínum náttúrulegu einkennum. Þar fá náttúrulegir ferlar að vera ríkjandi án afskipta, með það að leiðarljósi að komandi kynslóðir hafi einnig tækifæri til þess að upplifa slík svæði. Til þess að hægt sé að stuðla að verndun friðlandsins og til að varðveita möguleikann á einveru og ró þá er mikilvægt að hafa stýringu ferðamanna skýra. Stýring ferðamanna getur verið fólgin í því að takmarka fjölda, takmarka hópastærðir eða dreifa hópum um svæðið. Jafnframt getur reynst nauðsynlegt að loka ákveðnum leiðum á blautum tímabilum. Gestir sem heimsækja friðlandið skulu sýna ábyrga ferðamennsku og virða friðhelgi náttúrunnar. Miklu skiptir að allir gestir svæðisins séu upplýstir um hættur á svæðinu og um viðkvæmt náttúrufar þess. Lykillinn að þessu eru opin samskipti, virkt samstarf og upplýsingagjöf milli Umhverfisstofnunar, landeigenda og ferðapjónustuaðila. Umhverfisstofnun skal stuðla að því að friðhelgi landeigenda og húseigenda sé virt með upplýsingagjöf til ferðamanna.

Vegna stöðu friðlandsins þá er ein af stjórnunaraðgerðunum vegna ferðamanna fólgin í fjöldatakmörkunum. Einn þáttur í því er stýring á skipaumferð til friðlandsins. Þá eru settar takmarkanir á landtöku skemmtiferðaskipa sbr. [regla númer 6](#) í kafla 4.

Uppbygging svæðisins og umferðarstýring skal vera með þeim hætti að verndargildi svæðisins sé viðhaldið en þó með þeim hætti að gestir hafi tækifæri til að upplifa það markverðasta sem svæðið hefur upp á að bjóða. Heimilt er að takmarka aðgengi ferðamanna að svæðinu og skal upplýsingum um svæðið með takmörkuðu aðgengi komið til ferðamanna með skýrum leiðbeiningum um að ekki sé heimilt að fara út fyrir merкта stíga. Á vorin og að hausti þegar gróður, lífríki og gönguslóðar eru viðkvæmir fyrir, er talið nauðsynlegt að tilkynna rafrænt til Umhverfisstofnunar ferðir til og um friðlandið eða frá tímabilinu 1. mars til 15. júní ár hvert og frá 1. september til 1. nóvember ár hvert. Þessi tilkynningarskilda tekur þó ekki til ferða hús- og landeigenda, sbr. [regla númer 8](#), kafla 4. Samkvæmt náttúruverndarlögum þá hefur Umhverfisstofnun heimild til að loka tímabundið viðkvæmum svæðum, vegna gróðurverndar, lífríkisverndar eða við erfiðar gönguaðstæður og beina gestum svæðisins um aðrar leiðir, sbr. [regla númer 5](#), kafla 4. Samráð skal haft um slíka ákvörðun við hlutaðeigandi sveitarfélag, landeiganda og fulltrúa ferðapjónustu og útivistarfólk.

Aðgerðir:

- ✓ Uppfærsla upplýsinga á heimasíðu varðandi nauðsynlegan búnað vegna ferðalaga innan friðlandsins, á íslensku og á ensku.
- ✓ Atvinnu- og ferðamálastefna unnin í samstarfi við sveitarfélag og landeigendur varðandi frekari reglur um umferð og dvöl.



3.8.1. Svæðaskipting innan friðlandsins og takmarkanir

Ferðamenn eru velkomnir á svæðið en vegna verndarsjónarmiða og til að forðast átroðning á sérstaklega viðkvæmum svæðum þá hefur friðlandinu verið skipt upp í tvö svæði (sjá sérstaka reglu um fjöldatakmörkun nr. 7, kafla 4).

1. Vestari hluti- aðeins heimilt að fara með hópa 30 manns eða færri sbr. [reglar númer 7](#).
2. Austari hluti – aðeins heimilt að fara með 15 manns eða færri sbr. [regla númer 7](#).

3.8.2. Undanþágur frá takmörkunum

Ef hugmyndir eru uppi um að fara með skipulagðar ferðir út fyrir varðaðar leiðir og götur eða ef undanþága er nauðsynleg vegna hópastærðar skal leita til Umhverfisstofnunar með að minnsta kosti 15 daga fyrirvara. Ástand svæðisins er haft til hliðsjónar þegar undanþágur á þeim takmörkunum sem fram koma í áætlun þessari eru veittar. Upplýsingar um viðverutíma sérfræðings og landvarða má fá hjá Umhverfisstofnun.

Aðgerðir:

- ✓ Endurskoða hópastærðir gönguhópa með tilliti til árangurs af aðgerðinni árið 2021.

3.9. Innviðir og mannvirki

Allar endurbætur og frekari uppbygging innviða og mannvirkja á svæðinu skulu falla vel að náttúru- og menningarlandslagi. Innviðir skulu stuðla að verndun svæðisins og gera móttöku og upplifun gesta sem heimsækja svæðið sem jákvæðasta. Jafnframt skulu innviðir stuðla að því að stýra umferð eins og kostur er. Öll uppbygging innan svæðisins skal styðja við friðun þess og skal gæta þess að framkvæmdir

rýri ekki verndargildi svæðisins. Lágstemmdir innviðir skulu áfram einkenna svæðið í samræmi við flokk 1b sem svæðið flokkast í samkvæmt IUCN. Innviðir skulu ávallt þjóna hagsmunum svæðisins og vera til þess fallnir að verndargildi þess varðveitist. Stefnt skal að því að þau mannvirki sem verði reist í framtíðinni, eins og salerni, skuli vera með náttúrulegum efnivið og að þau falli sem best að ásjúnd svæðisins á hverjum stað.

Aðgerðir:

- ✓ Reist hús með vatnssalerni fyrir gesti svæðisins og aðstöðu fyrir landverði á Hesteyri, að fengnu leyfi landeigenda.
- ✓ Almennt viðhald árlega á innviðum svæðisins, s.s. kömrum og gönguleiðum.
- ✓ Lagfæringar á landvarðahúsi í Hornvík.

3.9.1. Landvarsla

Það er vilji Umhverfisstofnunar að efla landvörslu á svæðinu enda telur stofnunin að ein áhrifaríkasta leiðin til að vinna að náttúruvernd sé fólgin í landvörslu. Umhverfisstofnun mun því áfram kalla eftir fjármagni til að auka landvörslu á Hornströndum. Stefnt skal að því að viðvera landvarða verði innan friðlandsins þrjá mánuði á ári og ávallt tveir landverðir að störfum, annar á vestara svæðinu og hinn á austara. Stefnt er að því að gera úttekt á landvörsluþörf innan friðlandsins og eins að bæta aðstöðu fyrir starfsmenn.

Aðgerðir:

- ✓ Upplýsingarit landeigenda uppfært árlega með tilliti til stöðu landvörslu innan svæðisins.
- ✓ Gerð verði úttekt á landvörsluþörf svæðisins ásamt aðstöðu fyrir starfsmenn.

3.9.2. Byggingar

Samkvæmt samkomulagi Ísafjarðarbæjar, Umhverfisstofnunar og Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps um vinnureglur við úthlutun byggingarleyfa í friðlandinu á Hornströndum kemur fram að nýbyggingar eða breytingar á byggingum í friðlandinu á Hornströndum eru háðar byggingarleyfi, sbr. skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, og leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. auglýsingu nr. 332/1985 um friðland á Hornströndum. Í samkomulaginu kemur fram að tryggja beri að menningar- og náttúruminum í friðlandinu verði ekki spilt með byggingum sem hvorki falla að landi né ríkjandi byggingarstíl. Útilit nýrra frístundahúsa skal taka mið af þeim byggingarstíl sem tíðkaðist meðan byggð hélst á svæðinu, sérstaklega með tilliti til efnisvals, lita, glugga og þakgerðar. Þá kemur einnig fram að frístundahús skuli staðsett í nágrenni byggðakjarna, þar sem það á við. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um samkomulagið og þær vinnureglur sem gilda við málsmeðferð umsókna nýbyggingar innan friðlandsins á Hornströndum á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.umhverfisstofnun.is og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar. Leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda í tengslum við byggingar skal aðeins veitt ef skilyrði fyrrgreinds samkomulags eru uppfyllt og með skilyrðum í samræmi við friðlýsingarskilmála og stjórnunar- og verndaráætlun.

3.9.3. Neyðarskýli

Umhverfisstofnun stefnir á að boða til samráðsfundar með Slysavarnarfélaginu Landsbjörg þar sem rætt verður framtíð neyðarskýla innan friðlandsins.

- ✓ Samráðsfundur við Slysavarnarfélagið Landsbjörg um framtíð neyðarskýla, staðsetningu, útbúnað og útlit.

3.9.4. Vegir

Öll umferð vélknúinna farartækja utan vega sbr. kort í [viðauka](#) er bönnuð nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til. Kort með skilgreindum vegum innan friðlandsins má finna í [viðauka VI](#). Umhverfisstofnun getur gefið leyfi fyrir notkun vélknúinna farartækja í tengslum við framkvæmdir eða sértæk verkefni og setur þá skilyrði varðandi notkun þeirra.

Til þess að koma í veg fyrir risk á viðkvæmum svæðum svæðisins þá eru reiðhjól bönnuð innan friðlandsins sbr. [regla númer 3](#) í kafla 4. Slóðar og göngustígar innan friðlandsins eru ekki til þess fallnir að geta tekið við umferð reiðhjóla. Undanþága frá þessari reglu er að landeigendum er heimilt að fara á hjólum eftir viðurkenndum vegum sbr. kort í [viðauka VI](#).

Aðgerðir:

- ✓ Upplýsingarit landeigenda uppfærð árlega varðandi takmarkaða notkun fjórhjóla.
- ✓ Vegir innan friðlandsins sem heimilt er að aka skilgreindir.
- ✓ Umhverfisstofnun mun upplýsa Ísafjarðabæ um að bæta inn í aðalskipulag þá vegi sem heimilt er að vera með umferð vélknúinna farartækja

3.9.5. Gönguleiðir

Skilgreindar gönguleiðir skulu vera merktar inn á kort og þeim viðhaldið með reglubundnum hætti. Gestir friðlandsins skulu fylgja gönguleiðum þar sem það er hægt innan friðlandsins og virða lokanir og merkingar sem þar kunna að vera. Merkingar vegna lokana eða gróðurverndar skulu vera skýrar þar sem ekki er gert ráð fyrir umferð gangandi fólks. Stefnt skal að því að loka öllum villuleiðum og græða gróðursár. Stuðla skal að því að fólk fylgi ekki villuleiðum og skal fólk beint á öruggar leiðir. Umhverfisstofnun skal viðhalda stikuðum leiðum eða að öðrum kosti hreinsa upp stikur þar sem ekki skal farið og beina fólki á rétta leið. Reglulegt viðhald skal vera á gönguleiðum og ræsum sem eru til staðar. Á korti sem Umhverfisstofnun mun gefa út verði litakóðað göngu- og slóðakort þar sem skilgreindir eru stígar, gönguleiðir, slóðar, tjaldstaðir og aðrar mikilvægar upplýsingar. Á kortinu skal litakóða gönguleiðir eftir erfiðleikastigi.

Aðgerðir:

- ✓ Útgáfa á litakóðuðu göngukorti með upplýsingum um tjaldstaði, lífríki, umgengni við refi, vöð og símasamband innan friðlandsins.
- ✓ Leitast verði við að halda gönguleiðum greiðfærum með viðeigandi aðgerðum.

3.9.6. Skilti

Upplýsinga og fræðsluskiltum skal vera vel viðhaldið og þau aðgengileg almenningi. Skilti skulu hönnuð með það að markmiði að fræða gesti um náttúrufar og menningarminjar svæðisins og þær umgengnisreglur sem þar gilda. Stefnt skal að því að fjölga skiltum með fræðslu og upplýsingum um svæðið, en þó þannig að víðernisupplifun svæðisins haldist. Þá skal stefnt að samstarfi við

Minjastofnun Íslands um gerð skilta sem fræða um menningarminjar svæðisins. Stefnt skal að heildrænni uppfærslu á skiltum innan friðlandsins samkvæmt Skiltahandbók Umhverfisstofnunar.

Aðgerðir:

- ✓ Áætlun um skilþörf unnin.
- ✓ Viðhald merkinga árlega.
- ✓ Sérstaklega hættulegar leiðir merktar á korti og upplýsingaskiltum.

3.9.7. Úrgangur og meðhöndlun úrgangs

Þeir sem dvelja innan friðlandsins bera ábyrgð á að koma þeim úrgangi sem þeir koma með í viðeigandi meðhöndlun utan friðlandsins. Gestir friðlandsins skulu upplýstir um viðeigandi meðhöndlun úrgangs. Umhverfisstofnun stefnir á að halda áfram samstarfi vegna átaksverkefna, t.d. við hreinsun stranda, innan friðlandsins.

Aðgerðir:

- ✓ Upplýsingarit landeigenda uppfærð með upplýsingum um meðhöndlun úrgangs.

3.10. Öryggismál

Landverðir gegna lykilhlutverki þegar kemur að öruggri ferðamennsku. Með fræðslu og forvörnum er hægt að stuðla að öryggi ferðamanna og því skal Umhverfisstofnun kalla áfram eftir auknu fjármagni til að auka landvörslu innan svæðisins. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að viðvera landvarða verði innan friðlandsins þrjá mánuði á ári og ávallt tveir landverðir að störfum, annar á vestara svæði og hinn á austara svæði. Eins er öryggisáætlun til fyrir svæðið sem felur í sér upplýsingar um hvernig bregðast á við slysum. Gestir svæðisins eru ávallt hvattir til að skilja eftir ferðaáætlanir sínar á vefsíðu Safe-travel.

- ✓ Öryggisáætlun uppfærð árlega.

3.11. Fræðsla og kynning

Umhverfisstofnun skal stuðla að öflugri fræðslu um friðlandið, lífríki þess, verndargildi, umgengnisreglur o.fl. sem máli skiptir. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar skal vera fræðsla um svæðið bæði á íslensku og ensku. Þá skal unnið að gerð fræðsluefnis og bæklinga fyrir þá sem heimsækja svæðið.

Umhverfisstofnun stefnir á að koma á laggirnar Hornstrandastofu sem ferðamenn verða hvattir til að heimsækja. Í Hornstrandastofu verður miðlað upplýsingum og fræðslu til gesta.

Aðgerðir:

- ✓ Kynning friðlandsins á hverju vori fyrir leiðsögufolk, bæði á Ísafirði og í Reykjavík.
- ✓ Útgáfa á litakóðuðu göngukorti með upplýsingum um lífríki, umgengni við refi og aðra fræðslu.

3.12. Mönnuð og ómönnuð loftför

Kyrrðin er eitt aðaleinkenni svæðisins og skal Umhverfisstofnun stuðla að því að henni sé ekki raskað að óþörfu. Friðhelgi dýralífs og þeirra sem dvelja innan svæðisins skal vera gætt og komið í veg fyrir óþarfa truflun.

Óheimilt er að lenda þylum innan friðlandsins, [sbr. regla númer 9](#), kafla 4, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að lenda flugvélum innan friðlandsins utan skilgreindra landingarstaða samkvæmt aðalskipulagi Ísafjarðabæjar 2008-2020, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. [regla númer 10](#) í kafla 4. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012. Bann við landingu flugvéla tekur ekki til ferða landeigenda á sínu landi. Óheimilt er að nota ómönnuð loftför innan friðlandsins nema með leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. [regla númer 11](#), kafla 4. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012. Leyfishafar skulu ávallt leita sér upplýsinga um gildandi reglur um starfrækslu ómannaðra loftfara og leita leyfis Samgöngustofu í samræmi við þær reglur.

3.13. Skipaumferð

Megin aðkomuleiðir að friðlandinu eru með skipum og nýta flestir gestir friðlandsins sér þann ferðamáta. Líkt og fram hefur komið hefur umferð skemmtiferðaskipa um svæðið aukist á undanförunum árum og hefur það valdið auknu álagi á náttúru svæðisins þar sem farþegar þessara skipa eru mun fleiri heldur en þeirra hefðbundnu minni báta sem hafa flutt gesti til svæðisins í áraraðir. Þá er einnig meiri truflun sem fylgir stærri skipum auk þess sem aukin hættu er á mengunarslysum með aukinni skipaumferð. Mikil áhersla er lögð á verndun lífríkis og kyrrðar, ekki síst í kringum mikilvæg búsvæði fugla. Innan friðlandsins eru sjö mikilvægar sjófuglabyggðir: Grænahlíð, Rytur, Kögur, Kjalárnúpur, Hælavíkurbjarg, Hornbjarg og Smiðjuvíkurbjarg. Í því skyni að vernda fuglalíf í sjófuglabyggðunum og draga eins og hægt er úr hættu á mengunarslysum í nágrenni þeirra er talið nauðsynlegt að banna alla umferð skipa nær sjófuglabyggðunum en 115 m, sbr. [regla nr. 14](#), kafla 4. Umhverfisstofnun beinir þeim tilmælum til sjófarenda að fara ekki nær fuglabjörgum en 1 km. Kort af þessum svæðum má sjá í [viðauka III](#). Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012.

Náttúra friðlandsins er afar viðkvæm og settar hafa verið reglur um fjölda gesta í hópum. Að teknu tilliti til heildarálags á svæðið og álagspóls þess, markmiðið með verndun svæðisins og stjórnunar í samræmi við verndarflokk Ib (IUCN) og kyrrðar sem aðaleinkenni svæðisins þá er landtaka skipa með 51 eða fleiri farþega (farþegar og áhöfn) innan friðlandsins og farartækja í tengslum við þau óheimil nema að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, sbr. [regla númer 6](#) í kafla 4. Með því er einnig dregið úr hættu á mengunarslysum og tilflutningi ágengra framandi tegunda á svæðið. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012.

Aðgerðir:

- ✓ Óskað verði eftir að Landhelgisgæslan uppfæri siglingakort með tilliti til banns við umferð skipa nær sjófuglabyggðum en 115 m.

3.14. Rannsóknir og vöktun

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun Íslands að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Náttúrufræðistofnun Íslands í samstarfi við Umhverfisstofnun munu á næstu árum útbúa vöktunaráætlanir fyrir friðlýst svæði samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Sú vinna hófst árið 2017 og er ekki lokið. Vöktunaráætlun fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru mun fela í sér forgangsröðun og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Þar mun m.a. koma fram hvaða svæði verða sett í forgang og hvað á að vakta á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir friðland á Hornströndum en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun.

4. Sérstakar reglur um umferð og dvöl

1. Óheimilt er að dreifa framandi tegundum innan friðlandsins, sbr. [kafla 3.3.2.](#)
2. Kvikmyndataka og ljósmyndun skal ekki trufla dýralíf innan friðlandsins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka og ljósmyndun sem getur haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Stofnuninni er heimilt að setja skilyrði þegar slík leyfi eru veitt. Sótt skal um leyfi til kvikmyndatöku innan friðlandsins ekki seinna en 30. maí ár hvert, sbr. [kafla 3.6.2.](#)
3. Reiðhjól eru óheimil innan friðlandsins, sbr. [kafla 3.9.4.](#)
4. Umferð hunda er óheimil innan friðlandsins. Land- og húseigendum er heimilt að vera með hunda sína þó ávallt í taumi. Björgunarahundar og leiðsögu- og þjónustuhundar eru undanskildir banninu, sbr. [kafla 3.6.3.](#)
5. Landverði eða umsjónarmanni svæðisins er heimilt að loka tímabundið viðkvæmum svæðum, vegna gróðurverndar, lífríkisverndar eða við erfiðar gönguaðstæður og beina gestum svæðisins um aðrar leiðir. Samráð skal haft um slíka ákvörðun við hlutaðeigandi sveitarfélag, landeiganda og fulltrúa ferðapjónustu og útivistarfólk, sbr. [kafla 3.8.](#)
6. Landtaka skipa með 51 eða fleiri farþega (farþegar og áhöfn) innan friðlandsins og farartækja í tengslum við þau er óheimil nema að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, sbr. [kafla 3.13.](#) Undanskilið banninu er eftirfarandi:
 - a. Landtaka vegna rannsókna, þó háð leyfi Umhverfisstofnunar.
 - b. Leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012.
7. Aðeins er heimilt að fara með hópa 30 manns eða færri á vestara svæði og skipulagðar hópferðir skulu ekki vera fjölmennari en 15 á austara svæði. Séu hópar stærri skal haft samráð við Umhverfisstofnun, sbr. [kafla 3.7](#) og [kafla 3.8.2.](#)
8. Á þeim tíma þegar gróður, lífríki og gönguslóðar eru viðkvæmir fyrir, að vori og hausti þá þarf að tilkynna ferðir sínar rafrænt til Umhverfisstofnunar, eða frá tímabilinu 1. mars til 15. júní ár hvert og frá 1. september til 1. nóvember ár hvert vegna ferða um svæðið. Þessi tilkynningarskylda tekur þó ekki til ferða hús- og landeigenda, sbr. [kafla 3.8.](#)
9. Óheimilt er að lenda þýrlum innan friðlandsins, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. [kafla 3.12.](#) Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012.
10. Óheimilt er að lenda flugvélum innan friðlandsins utan landingarstaða sem skilgreindir eru samkvæmt aðalskipulagi Ísafjarðabæjar 2008-2020, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Landeigendum er heimilt að lenda á sínu landi. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012, sbr. [kafla 3.12.](#)
11. Óheimilt er að starfrækja loftför þar með talin flygildi (drónar) innan friðlandsins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012. Leyfishafar skulu ávallt leita sér upplýsinga um gildandi reglur um starfrækslu ómannaðra loftfara og leita leyfis Samgöngustofu í samræmi við þær reglur, sbr. [kafla 3.12.](#)

12. Aðeins er heimilt að tjalda á skilgreindum tjaldsvæðum innan friðlandsins. Landeigendum er heimilt að leyfa tjöldun á sínu landi og sjá þá gestum sínum fyrir hreinlætisaðstöðu, sbr. [kafla 3.6.](#)
13. Vegna gróðurverndar er aðeins heimilt að hafa tjald innan tiltekins tjaldstaðar í eina viku í senn, þá þarf að færa tjaldið innan tjaldstaðarins eða taka það niður, sbr. [kafla 3.6.](#)
14. Öll umferð skipa nær sjófuglabýggðum en 115 m er bönnuð. Umhverfisstofnun beinir þeim tilmælum til sjófarenda að fara ekki nær fuglabjörgum en 1 km, sbr. [kafla 3.13.](#) Undanskilið banninu eru:
 - a. Umferð vegna nytja hefðbundinna hlunninda.
 - b. Umferð skipa og báta sem leita vars vegna veðurs og sjólags.
 - c. Umferð skipa og báta eftir hefðbundnum siglingaleiðum.
 - d. Leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012.
15. Óheimilt er að þeyta flautur, fljúga flugvélum eða vera með annan hávaða að óþörfu í grennd við fuglabjörg. Enn fremur er óheimilt að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum.

Heimildir

Angerbjörn, A. & Tannerfeldt, M. 2014. *Vulpes lagopus*. The IUCN Red List of Threatened Species 2014: e.T899A57549321. Sótt af: <http://dx.doi.org/10.2305/IUCN.UK.2014-2.RLTS.T899A57549321.en>.

Arnín Óladóttir (2002). Gróðurhverfi í Hornstrandafriðlandi, lýsing 14 gróðurhverfa. Náttúrustofa Vestfjarða. Nr. 7-02.

Ester Rut Unnsteinsdóttir (2016). *Rannsóknir á refum í Hornstrandafriðlandi*. Náttúrufræðistofnun Íslands. Melrakkasetur Íslands. Styrkt af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Eypór Einarsson. (1975). Gróðurfar á Hornströndum og í Jökulfjörðum. Náttúrufræðingurinn. 45. árg. 1. Tbl.

Hjálmar R. Bárðarson, 1993. Vestfirðir í máli og myndum.

Kristjana Einarsdóttir. (2006). *Tíðnidreifing blómplantna í Hornstrandafriðlandinu eftir mislanga friðun frá búfjárbæit*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 05-06.

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994

Náttúrufræðistofnun Íslands (2013). *Ársskýrsla 2013*.

Náttúrufræðistofnun Íslands (2016). *Rannsóknir á refum í Hornstrandafriðlandi*. Áfangaskýrsla 2016. Ester Rut Unnsteinsdóttir

Náttúrufræðistofnun Íslands (e.d.). Hornstrandafriðland. Sótt af: <https://www.ni.is/greinar/hornstrandafriðland>

Náttúrufræðistofnun Íslands (2017). *Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*. Fjölrit NÍ.

Ítarefni

Arnín Óladóttir. (2002). *Gróðurhverfi í Hornstrandafriðlandi. Lýsing 14 gróðurhverfa*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr.7-02.

Borgný Katrínardóttir og Ester Rut Unnsteinsdóttir. (2008). *Áhrif ferðamanna á atferli refi við greni á Hornströndum*. Styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Ester Rut Unnsteinsdóttir (2010). *Villt dýr að féþúfu – vöruþróun á náttúrulífstengdri ferðaþjónustu á Vestfjörðum*. Melrakkasetur Íslands. Klasaverkefni styrkt af Vaxtarsamningi Vestfjarða.

Ester Rut Unnsteinsdóttir og Dr. Páll Hersteinsson. (1998). *Samskipti refa á grenjum á Hornströndum*. Háskóli Íslands, Reykjavík.

Friðgeir Grímsson & Denk. T. & Zetter, R. (2008) *Pollen, fruits, and leaves of Tetracentron (Trochodendraceae) from the Cainozoic of Iceland and western North America and their palaeobiogeographic implications*, Grana, 47:1, 1-14,

Friðgeir Grímsson & Denk. T. (2004). *Fagus from the Miocene of Iceland: Systematics and biogeographical considerations*. Review of Palaeobotany and Palynology, 134, 27-54.

Hálf dán H. Helgason og Dr. Páll Hersteinsson. (2008). *Fæða refa (Vulpes lagopus) á hálendi Íslands að vetrarlagi*. Háskóli Íslands, Reykjavík.

Ingi Rúnar Jónsson, Þorleifur Eiríksson, Hjalti Karlsson, Jóhannes Sturlaugsson og Sigurður Már Einarsson. (2004). *Vatnakerfi Fljótavatns í Fljótavík á Hornströndum. Fiskirannsóknir, vatnshita- og seltumælingar 1999-2001*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr.14-04.

Kristjana Einarsdóttir. (2006). *Tíðnidreifing blómplantna í Hornstrandafriðlandinu eftir mislanga friðun frá búfjárbæit*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr.05-06.

Margrét Theódóra Jónsdóttir (2009). *Skyldleiki íslensku tertíerflórunnar við núlifandi flóru í Norður-Ameríku*. Háskóli Íslands, Reykjavík.

Viðauki I

Stj.tíð. B, nr. 332/1985.

Auglýsing um friðland á Hornströndum.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa svæðið norðvestan Skorarheiðar í Norður- Ísafjarðarsýslu, og er svæðið friðland.

Mörk svæðisins eru þessi:

Úr botni Hrafnfjarðar um Skorarheiði í botn Furufjarðar. Mörkin fylgja Skorará frá ósi og í Skorarvatn. Þaðan liggja þau meðfram suðurströnd vatnsins, en síðan í beina línu úr suðausturhluta þess og í upptök þeirrar kvíslar, sem næst er vatninu og fellur í Furufjarðarós. Miðast mörkin við hugsaða línu 200 m fyrir sunnan kvíslina og síðan á móta vegalengd sunnan Furufjarðaróss allt til sjávar í Furufjörð.

Reglur þessar gilda um svæðið:

1. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 fótum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi [Umhverfisstofnunar].
2. Umferð vélknúinna farartæka utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi [Umhverfisstofnunar] komi til.
3. Leyfi landeigenda, sem í hlut á, þarf til allra veiða, eggjatöku og annarra hlunnindanyttja á svæðinu. Leyfi [Umhverfisstofnunar] þarf ef eigi er um að ræða hefðbundnar nytjar. Um netaveiði í ósum straumvatna gilda ákvæði laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, sbr. einkum VI. kafla.
Hvers konar meðferð skotvopna er öllum bönnuð nema samkvæmt sérstakri heimild sýslumanns, mánuðina júní til september og utan þess tíma einungis heimil landeigendum til hefðbundinna nytja.
4. Gangandi fólk er heimil för um svæðið. Þó er skylt að ganga þannig um að ekki sé spilt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum.
[Umhverfisstofnun] setur nánari reglur viðvikjandi umferð um hið friðlýsta svæði.
5. [Umhverfisstofnun] og aðrar stofnanir, sem í hlut eiga, skulu stuðla að vernd menningarminja, gera greiðfærar gamlar götur og viðhalda vörðum.
6. Bannað er að beita búpeningi á friðlandið.
7. Á tímabilinu 15. apríl til 15. júní ár hvert þarf að tilkynna [Umhverfisstofnun] um ferðalög um svæðið. Þetta ákvæði tekur þó ekki til ferða landeigenda.
8. [Umhverfisstofnun] setur nánari reglur um afnot landeigenda af eignum sínum á hinu friðlýsta svæði.
9. [Umhverfisstofnun] og Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps tilnefna hvort um sig þrjá menn í samstarfsnefnd um málefni friðlandsins.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 47/1971.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 44/1985 um friðland á Hornströndum.


Menntamálaráðuneytið, 13. ágúst 1985.

Ragnhildur Helgadóttir

Runólfur Þórarinnsson


Viðauki II

Kort af friðlandinu á Hornströndum.



Viðauki III

Svæðaskipting og svæði þar sem umferð skipa er bönnuð.



Viðauki IV

Samráðsaðilar:

- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
- Áttthagafélag Sléttuhrepps í Reykjavík
- Áttthagafélag Sléttuhrepps á Ísafirði
- Grunnvíkingafélagið í Reykjavík
- Grunnvíkingafélagið á Ísafirði
- Hafrannsóknarstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrustofa Vestfjarða
- Melrakkasetur Íslands
- Samgöngustofa
- Samtök smábátaeigenda
- Ríkiseignir
- Skógræktarfélag Íslands
- Landhelgisgæsla Íslands
- Slysavarnafélagið Landsbjörg
- Cruise Iceland
- Ferðamálasamtök Vestfjarða
- Náttúruverndarsamtök Vestfjarða
- Náttúruverndarsamtök Íslands
- Landvernd
- SAMÚT
- SAF
- Ferðafélag Íslands
- Ferðafélag Ísfirðinga
- Markaðsstofa Vestfjarða

Viðauki V

Frekari upplýsingar um þéttbýliskjarna innan friðlandsins

Hesteyri var þéttbýliskjarni sem bjó yfir mestri þjónustu Sléttuhreppinga, en þar var pósthús, símstöð, búseta læknis, verslun og nálægð við verksmiðjuna að Stekkeyri. Þar var stundaður búskapur og sjósókn. Árið 1894 reistu norskir athafnamenn hvalveiðistöðina Heklu á Stekkeyri. Það skapaði atvinnu fyrir Hesteyringa þangað til hvalveiðar voru bannaðar árið 1912. Stöðinni var breytt í síldarverksmiðju árið 1927. Þetta blés aftur lífi í fólk á Hesteyri en fólk sem bjó þar og annars staðar í hreppnum hafði atvinnu sína á Stekkeyri. Á Hesteyri stóðu 18 hús þegar mest var, mörg þeirra flutt tilsníðin frá Noregi. Í dag er að finna 9 hús á Hesteyri en samkvæmt aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar má byggja þar 9 hús til viðbótar, að undangengnu deiliskipulagi. Húsin sem standa á Hesteyri í dag eru; Skólinn, Búðin, Læknishúsið, Móar, Heimabær 1 og 2, Reyrhóll, Langivöllur og Gerðukot.

Sæból er þéttbýliskjarni í Aðalvík vestanverðri. Þar stóðu 15 hús þegar mest var á árunum 1908 – 1965. Á Sæbóli var stundaður hefðbundinn búskapur í bland við útræði. Slæm hafnarskilyrði frá náttúrunnar hendi takmörkuðu útgerð stærri báta. Þrátt fyrir allt var nokkuð blómleg útgerð smábáta og fiskverkun stunduð á Sæbóli á fyrrihluta 20 aldar. Má víða við sjávarströndina sjá grunna verslunar- og fiskverkunarhúsa, fiskihjalla og annað tengt verslun og sjávarútvegi, allt frá Búðarnesi og útundir Skóla. Það sem í daglegu tali kallast Sæból samanstendur í raun af þremur lögbýlum Sæbóli, Görðum og Sæborg. Í gildandi Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er þetta flokkað sem ein skipulagsheild, reitur F14, þar standa nú samtals 12 hús voru þegar mest var 15 hús þannig að í dag mætti byggja þar 3 ný hús að undangengnu deiliskipulagi. Í dag standa 2 hús í landi Sæborgar, 1 hús í landi Garða og 9 hús í landi Sæbóls. Eignarhald á landi og húsum er á hendi stórs ættboga sem heldur mikilli tryggð við landið og heldur húsum sínum mjög vel við. Í landi Sæból standa: Skólahús, Hjálfríðarbol, Ellubær, Steinhús, Jónshús, Fjósatunga, Bólið, Móhús og Ystibær (horfin Sæbólshærin, Guðnýjarhús, Híramskot og Grundarhús.) Í landi Sæborgar standa Sæborg og Borg. Í landi Garða stendur bærin að Görðum. Sunnan Staðarár er bærin Þverdalur og nokkur hús (Holt og Árhóll) sem standa þar auk bæjarhússins og inn við Staðarvatn er að finna kirkjustaðinn Stað þar sem kirkja og prestbústaður sveitarinnar standa. Handan Staðarvatns var bærin Lækur en hann er nú fallinn og bærin í eyði.

Látrar var þorp í Norður-Aðalvík. Um aldamótin 1900 voru þar tvær jarðir, Látrar og Látraness. Tveir eigendur voru á jörðinni Látrar og einn eigandi á Látranesi. Á þessum tíma fór að myndast þorp á Látranesi vegna mikillar sjósóknar. Aðalatvinnan voru fiskveiðar en jafnframt heyjaði hver fjölskylda fyrir kýr, kindur og hesta. Fiskurinn var seldur til Ísafjarðar. Flestir ábúendur voru í byrjun 20. aldar og fram að 1940 fór fólki að fækka. Um 120 manns bjó í 21 húsi og samkvæmt samþykkt við gerð Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar má byggja


jafnmörg hús og voru á þessu tímabili. Nú standa 9 hús á landi Látraness og eitt hús á landi jarðarinnar Látrar. Sex hús eru nýbyggingar, Nonnahús, Bjarnabær, Ystibær, Nes, Bakki og Sjávarhús, en þrjú eru gömul og vel endurbyggð að hluta, Sólvellir, Jaðar og Hamar og á Látrajörðinni er nýbyggt hús, Húsatún. Margar tóftir eru sýnilegar sem t.d. sýna byggingarstíl útihúsa, en á fjörukambinum eru lítil ummerki um mörg fiskvinnsluhús, en í stað þeirra eru að rísa smáhýsi fyrir báta og vélhjól. Minjar eru um hersetu og minnismerki er um skólahús sem reist var 1899 en var eyðilagt á hersetuárunum. Verslunarhús var á Látrum en nú eru þar rústir eins og eftir fleiri hús sem eiga sum hver merka sögu. Nú er svo komið að um 25 hús standa enn frá þeim tíma sem svæðið var byggt, en að auki hafa risið um 35 hús til viðbótar, annaðhvort ný sumarhús eða endurbyggingar eldri húsa. Öll íbúðar-/sumarhúsin eru nýtt til einkanota fyrir utan fjögur sem eru nýtt sem gistiheimili (Kvíar, Hornbjargsviti, skáli í Bolungavík og Læknishúsi

Viðauki VI

Innan friðlandsins á Hornströndum eru fáir vegir til staðar. Í seinni tíð hafa sumarhúsaeigendur fengið heimild til að nota fjórhjól til að flytja búnað til og frá sínum húsum. Vegirnir eru í misjöfnu ástandi og vert að benda á að til dæmis er vegurinn upp Straumnesfjall ófær fjórhjólum. Heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum eftir þessum vegum en hvergi annarsstaðar. Hér á eftir eru kort til upplýsinga:

1. Sæbóli í Aðalvík
2. Látrar – athuga ber að slóðinn upp Straumnesfjall er ófær fjórhjólum.
3. Bolungarvík
4. Fljótavík
5. Furufjörður





ÍSAFJARÐARBÆR
tæknideild

Hafnarstræti 1, 400 (austrið sími, 450 8000 fex, 450 8008

Slóðir
Látrar

Mælikvarði: 1: (A3)

Dagsetning:

Teikning uppfært:

Teiknað:

Málsnúmer:



ÍSAFJARÐARBÆR
tæknideild
Hafnarstræti 1, 400 Ísaförðir sími: 450 8000 fax: 450 8008

Slóðir
Látrar

Mælikvarði: 1: (A3)

Dagsetning:

Teikning uppfært:

Teiknað:

Málsnúmer:



ÍSAFJARDARBÆR
tæknideild
Hafnarstræti 1, 400 Ísaféði síni; 450 8000 fax; 450 8008

Slóðir
Bolungarvík

Mælikvarði: 1: (A3)

Dagsetning:

Teikning uppfært:

Teiknað:

Málsnúmer:





Viðauki VII

Viðmiðunarreglur um refaskoðun

Áður en haldið er á refaslóðir er mælt með því að kynna sér lífshætti villtra refa en það má t.d. gera með því að heimsækja Melrakkasetur Íslands. Mikilvægt er að þekkja þarfir dýranna og átta sig á því að þau þurfa næði til að geta sinnt eigin þörfum og afkvæma sinna. Vegna þess hve óðulin á Hornströndum eru lítil og stutt í næstu nágranna er lítið svigrúm fyrir dýrin til að fara annað til að leita öryggis, finna fæðu og vernda afkvæmi sín.

Fyrir utan að kynna sér og virða almennar reglur um umgengni við náttúru og dýralíf er mikilvægt að hafa í huga eftirfarandi:

- Sýnið tillitssemi, verið þolinmóð. Helst ekki fara nær ref eða greni en 40 metra.
- Reynið að takmarka þann tíma sem þið eruð í nágrenni við dýrin eða grenið við 20 mínútur.
- Ef þið sjáið ref sem ykkur langar að fylgjast með, er besta leiðin að halda kyrru fyrir og fylgjast með úr fjarlægð. Ef þið eruð hljóð og forðist óþarfa hreyfingar er ekki ólíklegt að dýrið komi sjálft til ykkar, svo fremi sem það finni sig öruggt.
- Ef þið þurfið að fara framhjá greni, gangið rösklega en hljóðlega og ekki staldra við fyrir en í a.m.k. 40m fjarlægð frá greninu. Ef þið eruð í hópi er best að halda saman og lágmarka þann tíma sem það tekur að fara framhjá greninu.
- Forðist að fara á milli foreldra og afkvæma og gefið pláss til að dýrin geti komist leiðar sinnar.
- Ef dýrin sýna merki um óöryggi eða hræðslu, færið ykkur fjær eða yfirgefið staðinn.
- Þó dýrin virðist róleg og spök er ekki víst að þau séu sátt. Nærvera fólks getur komið í veg fyrir að foreldrar sinni yrðlingum og þeir fá ekki næga næringu.
- Nauðsynlegt er að dýrin fái frið til að afla fæðu og sinna afkvæmum, t.d. milli kl. 19:00 og 9:00.
- Hundar koma í veg fyrir að ferðamenn geti skoðað refi í náttúrulegum heimkynnum. Ólíklegt er að refir sjáist þegar hundur er á ferð og í nokkurn tíma eftir að hundurinn er farinn. Ef þið eruð með hund, hafið hann í taumi og komið í veg fyrir að hann geti farið að refagreni.
- Refagreni eru friðuð með lögum: "Skylt er að ganga vel um greni og ber að skilja við það eins og komið var að því. Óheimilt er að eyðileggja greni. Ekki má láta hunda hlaupa um á greni á grenjatíma né hafa þar óþarfa umgang." (lög nr. 64/1994, reglugerð nr. 437/1995).

Með vinsemd og virðingu,

Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Melrakkasetur Íslands.



Viðauki VIII

Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
15 – 108 Reykjavík

Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020

www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is



UMHVERFISSTOFNUN

Travelling in Hornstrandir Nature Reserve

The Environment Agency of Iceland wishes to point out the following

Hornstrandir nature reserve was established in 1975. The main purpose for establishing it as a nature reserve was for the protection of its ecosystems, wildlife and undisturbed landscape. To maintain its current state, it is very important that every visitor aims to minimise their impact on the area, so it can retain its value and provide visitors with an enjoyable experience.

It is required to report your travel plans to the Environmental Agency at hornstrandir@umhverfisstofnun.is if you plan on visiting the nature reserve between April 15th and June 15th, because of the fragile state at that time.

Traveling in the area early season

Traveling in the area early season poses a few obstacles, mainly in relation to the fact that large part of the nature reserve is in transition between winter and spring. During the winter, the prevailing wind deposits great amount of snow in mountain passes, some of which are often impassable early in the season. The river crossing points can easily change over the winter time and the state of the trails is unknown. In addition it is not recommended for large groups to travel in the area during this time of year, due to the impact they might cause. The Ranger visits the nature reserve early May. It is recommended to visit the area after the Ranger has visited the area and is in a better position to give correct information about its status.

Camping

Camp only at designated campsites. Wild camping is prohibited in the nature reserve. All campsites have dry latrines. Latrine doors are weighed down with heavy timber for a reason. Make sure the timber is replaced and the door is secured after use. Otherwise the risk of damage due to wind is near certain. Campfires are prohibited. Cooking equipment and disposable barbeques should be used with care.

Leave no lasting signs of your visit

Leave no lasting signs of your visit. Remove all rubbish from the area when you leave. Burying, burning or leaving it behind, placing it in latrines is prohibited, because it affects the biological processes in the compost. Do not engrave on rocks or buildings and do not build cairns, rearrange stones or in any other way leave visible signs of your visit. In addition we also ask you to watch where you set foot in order to protect the vegetation and avoid path-making. Please remember that you are a guest. Respect the flora, fauna, cultural remains and the privacy of house owners in the nature reserve.

Do not pick flowers

The vegetation in the nature reserve is very fragile and has limited time each year to grow. We ask you not to pick flowers or other plant and avoid stepping on flowers or plant beds if at all possible. It is permitted to pick berries, mushrooms, mountain lichens and herbs for consumption on the spot, but have in mind the vegetation has only few weeks each year to grow. Please be aware that some plant species growing in the wild in Iceland are protected, and may not be cut or otherwise disturbed.

Do not take anything with you

We encourage you to leave the nature reserve as it is. Cultural remains are protected. Watch where you walk and stand. Walk around and not in between objects. Do not take anything with you and do not attempt to rearrange objects. In addition we ask you to leave stones, bones, driftwood and other items where they are.

Do not disturb the wildlife

It is important to show caution when in vicinity of nesting birds or fox dens. Arctic Fox Dens are protected by law, so don't approach them, or dwell around them. The wildlife is very sensitive and can easily be disturbed and frightened. Do not feed the foxes, it is not beneficial for them to be fed by humans. Pets are best left at home. However, if they come along, keep them on leash and under control. Ensure you remove their droppings. Take notice, bringing a dog into the nature reserve will affect the experience of others visitors, dogs are not a part of the natural fauna, so the Arctic foxes will not be present in the same area as a dog will be. Please help us preserve the wildlife and be respectful towards it.

Polar bear

Polar bears might have entered the area early spring, having arrived on drift ice from Greenland. Be aware of this, check the surrounding and look for any indications of bear tracks. If you notice there is a polar bear in the area please report it as soon as you can, and keep your distance.

Be safe

Travel in the nature reserve may involve various risks. Be well prepared and take seriously that the elements in the area require that you bring 4-season equipment! Notice there is limited cellular coverage in the area, but VHF-Radios can be found in most emergency shelters. Only use the shelters if you truly need to. Leave the shelter as you found it. It is a good habit to sign your name in the emergency shelter guestbook, including your travel plans when you leave. We encourage you to register at www.safetravel.is and leave a travel plan behind, as well as seeking further information regarding traveling in Iceland.

F.h. Umhverfisstofnunar, 17. desember 2018


Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri


Þórdís Björt Sigþórsdóttir, sérfræðingur



Staðfesting umhverfis- og auðlindaráðherra